

## REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1149 frá 20. júní 2019 um að koma á fót evrópskri vinnumálastofnun, um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 883/2004, (ESB) nr. 492/2011 og (ESB) 2016/589 og um niðurfellingu ákvörðunar (ESB) 2016/344.

### 1. gr.

*Gildistaka reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1149.*

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1149 frá 20. júní 2019 um að koma á fót evrópskri vinnumálastofnun, um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 883/2004, (ESB) nr. 492/2011 og (ESB) 2016/589 og um niðurfellingu ákvörðunar (ESB) 2016/344, skal öðlast gildi hér á landi með þeirri aðlögun sem fram kemur í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 319/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á V. viðauka (Frelsi launþega til flutninga), VI. viðauka (Félagslegt öryggi) og bókun 31 (um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins) við EES-samninginn.

### 2. gr.

*Fylgiskjöl.*

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 319/2023 frá 8. desember 2023, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 48 frá 13. júní 2024, bls. 42, er birt sem fylgiskjal 1 með reglugerð þessari. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1149 frá 20. júní 2019 um að koma á fót evrópskri vinnumálastofnun, um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 883/2004, (ESB) nr. 492/2011 og (ESB) 2016/589 og um niðurfellingu ákvörðunar (ESB) 2016/344, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 11 frá 1. febrúar 2024, bls. 374, er birt sem fylgiskjal 2 með reglugerð þessari.

### 3. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 64. gr. laga um almannatryggingar, nr. 100/2007, öðlast þegar gildi.

*Félags- og húsnæðismálaráðuneytinu, 8. apríl 2026.*

**Ragnar Þór Ingólfsson**  
félags- og húsnæðismálaráðherra.

\_\_\_\_\_  
*Hafþór Einarsson.*

**Fylgiskjal 1.****ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 319/2023**

2024/EES/48/22

frá 8. desember 2023

**um breytingu á V. viðauka (Frelsi launþega til flutninga), VI. viðauka (Félagslegt öryggi) og bókun 31 (um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 86. gr. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1149 frá 20. júní 2019 um að koma á fót evrópskri vinnumálastofnun, um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 883/2004, (ESB) nr. 492/2011 og (ESB) 2016/589 og um niðurfellingu ákvörðunar (ESB) 2016/344 <sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð (ESB) 2019/1149 fellir úr gildi, frá og með 1. ágúst 2021, ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/344 <sup>(2)</sup>, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn, og ber því að fella gerðina brott samkvæmt samningnum.
- 3) V. viðauki, VI. viðauki og bókun 31 við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á V. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við 2. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 492/2011):

„– **32019 R 1149**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1149 frá 20. júní 2019 (Stjtið. ESB L 186, 11.7.2019, bls. 21).“

2. Eftirfarandi er bætt við 9. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/589):

„, breytt með:

– **32019 R 1149**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1149 frá 20. júní 2019 (Stjtið. ESB L 186, 11.7.2019, bls. 21).“

3. Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 10zv (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1949):

„11. **32019 R 1149**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1149 frá 20. júní 2019 um að koma á fót evrópskri vinnumálastofnun, um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 883/2004, (ESB) nr. 492/2011 og (ESB) 2016/589 og um niðurfellingu ákvörðunar (ESB) 2016/344 (Stjtið. ESB L 186, 11.7.2019, bls. 21).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Að því er varðar EFTA-ríkin ber að skilja vísanir til laga Sambandsins sem vísanir til EES-samningsins.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 186, 11.7.2019, p. 21.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 65, 11.3.2016, bls. 12.

- b) Þrátt fyrir ákvæði bókunar 1 við samning þennan, og nema kveðið sé á um annað í samningi þessum, ber að skilja hugtökin „aðildarríki(n)“ og „lögbær yfirvöld“ þannig að þau taki EFTA-rikkjanna og landsbundinna yfirvalda þeirra til viðbótar við merkingu þeirra í reglugerðinni, í þeirri röð.
- c) Í 2. mgr. 1. gr. og 2. gr. er orðunum „og Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir orðinu „framkvæmdastjórnina“.
- d) Í e-lið 1. mgr. 7. gr. og 13. mgr. 13. gr. er orðunum „eða, að því er varðar EFTA-ríkin, Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir orðinu „framkvæmdastjórninni“.
- e) Í 9. mgr. 9. gr. og 3. mgr. 10. gr. er orðunum „eða, að því er varðar EFTA-ríkin, til Eftirlitsstofnunar EFTA“ bætt við á eftir orðinu „framkvæmdastjórnarinnar“.
- f) Í 12. gr. bætist eftirfarandi málsgrein við á eftir 3. mgr.:
- „3a. EFTA-ríkin skulu taka fullan þátt í vettvanginum og hafa þar sömu réttindi og skyldur og aðildarríki Evrópusambandsins, að undanskildum atkvæðarétti.“
- g) í 13. gr.:
- i) í 1. mgr. er orðunum „og EFTA-dómstólsins“ bætt við á eftir orðinu „Dómstólsins“;
- ii) í 3., 5. og 6. mgr., er orðunum „Eftirlitsstofnun EFTA, ef málið varðar eitt eða fleiri EFTA-ríki“ er bætt við á eftir orðinu „framkvæmdastjórninni“.
- h) Í 2. mgr. 16. gr., bætist eftirfarandi málsliður við á eftir fyrsta málslið fyrstu undirgreinar:
- „Vinnuálagstofnunin getur boðið fulltrúum Eftirlitsstofnunar EFTA að taka þátt í starfshópunum og sérfræðinefndunum sem áheyrnarfulltrúar.“
- i) Í 17. gr. bætist eftirfarandi málsgrein við á eftir 1. mgr.:
- „1a. EFTA-ríkin og Eftirlitsstofnun EFTA skulu taka fullan þátt í störfum stjórnarinnar og hafa þar sömu réttindi og skyldur og aðildarríki Evrópusambandsins og framkvæmdastjórnin, hvor um sig, að undanskildum atkvæðarétti.“
- j) Eftirfarandi málsgrein er bætt við 26. gr.:
- „5. EFTA-ríkin skulu taka þátt í fjárframlagi frá Sambandinu sem vísað er til í a-lið 3. mgr. Hvað þetta varðar gildir málsmeðferðin sem kveðið er á um í a-lið 1. mgr. 82. gr. og bókun 32 við EES-samninginn að breyttu breytanda.“
- k) Eftirfarandi undirgreinar bætist við í 30. gr.:
- „Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 2. mgr. 12. gr. og a-liðar 3. mgr. 82. gr. ráðningarskilmála annarra starfsmanna Evrópusambandsins er tilnefningaryfirvaldi stofnunarinnar heimilt að gera ráðningarsamninga við ríkisborgara EFTA-rikkjanna sem njóta óskertra borgaralegra réttinda.
- Þrátt fyrir ákvæði e-liðar 2. mgr. 12. gr., e-liðar 3. mgr. 82. gr. og 3. mgr. 85. gr. í ráðningarskilmálum annarra starfsmanna Evrópusambandsins, skal stofnunin, að því er varðar starfsfólk hennar, líta á tungumálin sem vísað er til í 1. mgr. 129. gr. EES-samningsins sem tungumál Sambandsins sem vísað er til í 1. mgr. 55. gr. sáttmálans um Evrópusambandið.“
- l) Í 32. gr., bætist eftirfarandi málsgrein við á eftir 1. mgr.:
- „1a. EFTA-ríki getur tilnefnt landsbundinn tengifulltrúa annars EFTA-ríkis eða aðildarríkis ESB sem sinn landsbundna tengifulltrúa.“

m) Eftirfarandi bætist við í 34. gr.:

„EFTA-ríkin skulu láta stofnunina og starfsfólk hennar njóta sérréttinda og friðhelgi með hliðstæðum hætti og kveðið er á um í Bókun um sérréttindi og friðhelgi Evrópusambandsins.““

2. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við 1. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004) í VI. viðauka við EES-samninginn:

„– **32019 R 1149**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1149 frá 20. júní 2019 (Stjótíð. ESB L 186, 11.7.2019, bls. 21).“

3. gr.

Texti annars undirliðar 9. mgr. 15. gr. bókunar 31 við EES-samninginn (ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/344) fellur brott.

4. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2019/1149, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

5. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. desember 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

6. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. desember 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Pascal Schafhauser***

formaður

---

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**Sameiginleg yfirlýsing samningsaðilanna**

**vegna ákvörðunar nr. 319/2023 sem felur í sér ákvæði um að fella reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) 2019/1149 inn í samninginn**

Samningsaðilar viðurkenna að innleiðing þessarar lagagerðar er með fyrirvara um beitingu bókar 7 um sérréttindi og friðhelgi Evrópusambandsins til handa ríkisborgara EFTA-ríkjanna á yferráðasvæði hvers aðildaríkis Evrópusambandsins, í samræmi við 11. gr. bókarinnar.

**Fylgiskjal 2.**

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2019/1149

2024/EES/11/46

frá 20. júní 2019

um að koma á fót evrópskri vinnuálastofnun, um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 883/2004, (ESB) nr. 492/2011 og (ESB) 2016/589 og um niðurfellingu ákvörðunar (ESB) 2016/344

(Texti sem varðar EES og Sviss) (\*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 46. og 48. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins <sup>(1)</sup>,með hliðsjón af álit svæðanefndarinnar <sup>(2)</sup>,í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Frjáls för launafólks, staðfesturéttur og frelsi til að veita þjónustu eru grundvallarreglur innri markaðar Sambandsins, sem bundnar eru í sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins (SUSE).
- 2) Samkvæmt 3. gr. sáttmálans um Evrópusambandið skal Sambandið vinna að afar samkeppnishæfu, félagslegu markaðshagkerfi, þar sem markmiðið er atvinna fyrir alla og félagslegar framfarir og stuðla að félagslegu réttlæti og vernd, jafnrétti kvenna og karla, samstöðu kynslóðanna og berjast gegn mismunum. Samkvæmt 9. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins skal Sambandið taka, við mótnun og framkvæmd á stefnum og starfsemi sinni, tillit til krafna sem stuðla að háu atvinnustigi, tryggja fullnægjandi félagslega vernd, vinna gegn félagslegri útilokun, stuðla að góðri menntun, starfsmenntun og vernd fyrir heilbrigði manna.
- 3) Evrópustöð félagslegra réttinda var viðfangsefni sameiginlegrar yfirlýsingar Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar frá leiðtogafundi um sanngjörn störf og hagvöxt í Gautaborg 17. nóvember 2017. Á þeim fundi var lögð áhersla á nauðsyn þess að setja fólk í forgang til að þróa frekar félagsmálaþátt Sambandsins og til að stuðla að samleitni með átaki á öllum stigum, eins og staðfest var í ályktunum leiðtogaráðsins í kjölfar fundar þess 14. og 15. desember 2017.
- 4) Í sameiginlegri yfirlýsingu sinni um forgangsmál í löggjöf ESB fyrir árin 2018 til 2019 skuldbundu Evrópuþingið, ráðið og framkvæmdastjórnin sig til að grípa til aðgerða til að styrkja félagsmálaþátt Sambandsins með því að vinna að því að bæta samræmingu almannatryggingakerfa, vernda starfsmenn fyrir heilbrigðisáhættu á vinnustöðum, tryggja öllum sanngjarna meðferð á vinnumarkaði Sambandsins á grundvelli nútímalegra reglna um útsendingu starfsmanna og með því að bæta enn frekar framfylgd laga Sambandsins yfir landamæri.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 186, 11.7.2019, bls. 21. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegrar EES-nefndarinnar nr. 319/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á V. viðauka (Frelsi launþega til flutninga), VI. viðauka (Félagslegt öryggi) og bókun 31 (um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins) við EES-samninginn (bíður birtingar).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB C 440, 6.12.2018, bls. 128.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 461, 21.12.2018, bls. 16.

<sup>(3)</sup> Afstaða Evrópuþingsins frá 16. apríl 2019 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 13. júní 2019.

- 5) Til að vernda réttindi farstarfsmanna og stuðla að sanngjarnri samkeppni milli fyrirtækja, einkum lítilla og meðalstórra fyrirtækja, er afar áriðandi að bæta framfylgd laga Sambandsins yfir landamæri að því er varðar hreyfanleika vinnuafis og ráðast gegn misnotkun.
- 6) Koma ætti á fót evrópskri vinnuálastofnun (hér eftir nefnd „Vinnuálastofnunin“) til að efla sanngimi og traust á innri markaðnum. Skilgreina ætti markmið Vinnuálastofnunarinnar með skýrum hætti og leggja ríka áherslu á takmarkaðan fjölda verkefna til að tryggja eins skilvirka nýtingu tiltæks fjármagns og mögulegt er á sviðum sem Vinnuálastofnunin getur fært mestan virðisauka. Í þeim tilgangi ætti Vinnuálastofnunin að aðstoða aðildarríkin og framkvæmdastjórnina við að efla aðgang að upplýsingum, styðja við reglufylgni aðildarríkjanna og samstarf þeirra á milli með samræmdri, skilvirkri og árangursríkri beitingu og framfylgd á lögum Sambandsins sem varða hreyfanleika vinnuafis innan Sambandsins og samræmingu almannatryggingakerfa innan Sambandsins og stofnunin ætti að miðla málum og greiða fyrir lausnum í deilumálum.
- 7) Nauðsynlegt er að bæta aðgengi einstaklinga og vinnuveitenda, einkum lítilla og meðalstórra fyrirtækja, að upplýsingum um réttindi þeirra og skyldur að því er varðar hreyfanleika vinnuafis, fjálsa þjónustustarfsemi og samræmingu almannatrygginga svo að unnt sé að gera þeim kleift að njóta til fulls ávinnings af innri markaðnum.
- 8) Vinnuálastofnunin ætti að sinna starfsemi sinni á sviði hreyfanleika vinnuafis innan Sambandsins og samræmingar almannatrygginga, þ.m.t. frjáls för launafólks, útsending starfsmanna og þjónusta sem byggist á miklum hreyfanleika. Hún ætti einnig að efla samstarf milli aðildarríkja um að taka á svartri vinnu og öðrum aðstæðum sem stofna eðlilegri starfsemi innri markaðarins í hættu, t.d. skúffufyrirtækjum og gerviverktöku, án þess að hafa áhrif á valdheimildir aðildarríkja til að ákvarða landsbundnar ráðstafanir. Ef Vinnuálastofnunin hefur í starfsemi sinni grun um misfellur á sviðum sem falla undir lög Sambandsins, s.s. brot á vinnuskilyrðum eða reglum um heilbrigði og öryggi eða nauðungarvinnu, ætti hún að geta tilkynnt slíkt til landsbundinna yfirvalda viðkomandi aðildarríkja og átt samstarf um slíkt við þau og, eftir því sem við á, framkvæmdastjórnina og aðrar lögbærar stofnanir Sambandsins.
- 9) Starfsemi Vinnuálastofnunarinnar ætti að taka til tiltekinna réttargerða Sambandsins sem tilgreindar eru í þessari reglugerð, m.a. breytinga á þeim. Framlengja ætti þá skrá ef um er að ræða frekari samþykktir á réttargerðum Sambandsins á sviði hreyfanleika vinnuafis innan Sambandsins.
- 10) Vinnuálastofnunin ætti að leggja sitt af mörkum með virkum hætti til aðgerða Sambandsins og aðildarríkjanna að því er varðar hreyfanleika vinnuafis innan Sambandsins og samræmingu á sviði almannatrygginga með því að inna verkefni sín af hendi í fullu samstarfi við stofnanir og aðila Sambandsins og aðildarríkin en forðast jafnframt hvers kyns tvíverknad og stuðla að samvirkni og fyllid.
- 11) Vinnuálastofnunin ætti að leggja sitt af mörkum til að auðveldara verði að beita og framfylgja lögum Sambandsins innan gildissviðs þessarar reglugerðar og styðja við framfylgd þessara ákvæða sem koma til framkvæmda með kjarasamningum, sem hafa almennt gildi, í samræmi við venjur í aðildarríkjunum. Í því skyni ætti Vinnuálastofnunin að setja upp sameiginlegt vefsetur Sambandsins til að veita aðgang að öllum viðeigandi vefsetrum Sambandsins og landsbundnum vefsetrum sem komið er á fót í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/67/ESB <sup>(4)</sup> og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/54/ESB <sup>(5)</sup>. Með fyrirvara um verkefni og starfsemi framkvæmdaráðsins um samræmingu almannatryggingakerfa (hér eftir nefnt „framkvæmdaráðið“), sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 <sup>(6)</sup>, ætti Vinnuálastofnunin einnig að aðstoða við samræmingu almannatryggingakerfa.

<sup>(4)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/67/ESB frá 15. maí 2014 um framfylgd tilskipunar 96/71/EB um störf útsendra starfsmanna í tengslum við veitingu þjónustu og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1024/2012 um samvinnu á sviði stjórnsýslu fyrir tilstilli upplýsingakerfisins fyrir innri markaðinn („reglugerðin um IM-upplýsingakerfið“) (Stjtið. ESB L 159, 28.05.2014, bls. 11).

<sup>(5)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/54/ESB frá 16. apríl 2014 um ráðstafanir til að greiða fyrir því að launþegar geti nýtt sér þau réttindi sem þeir hafa í tengslum við frjálsa för launþega (Stjtið. ESB L 128, 30.4.2014, bls. 8).

<sup>(6)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 frá 29. apríl 2004 um samræmingu almannatryggingakerfa (Stjtið. ESB L 166, 30.4.2004, bls. 1).

- 12) Í vissum tilvikum hafa geirabundin lög Sambandsins verið samþykkt til að bregðast við sérstökum þörfum tiltekinna geira, s.s. á sviði millilandaflutninga, þ.m.t. vega, járnbrauta, sjóflutninga, skipgengra vatnaleiða og flugs. Vinnuálastofnunin ætti einnig, innan gildissviðs þessarar reglugerðar, að takast á við þætti sem varða hreyfanleika vinnuafis yfir landamæri og félagslegt öryggi vegna beitingar slíkra geirabundinna laga Sambandsins. Meta ætti með reglubundnum hætti og, ef við á, endurskoða umfang starfsemi Vinnuálastofnunarinnar, einkum varðandi það hvort auka ætti við starfsemi hennar svo hún nái yfir réttargerðir Sambandsins sem taka til geirabundinna þarfa á sviði millilandaflutninga.
- 13) Starfsemi Vinnuálastofnunarinnar ætti að ná til einstaklinga sem falla undir lög Sambandsins innan gildissviðs þessarar reglugerðar, þ.m.t. launafólks, sjálfstætt starfandi einstaklinga og fólks í atvinnuleit. Til slíkra einstaklinga ættu að teljast borgarar Sambandsins og ríkisborgarar þriðju landa sem eru með lagalega búsetu í Sambandinu, s.s. útsendir starfsmenn, einstaklingar sem flytjast til innan viðskiptafyrirtækis eða einstaklingar með fasta búsetu, auk aðstandenda þeirra, í samræmi við lög Sambandsins sem gilda um hreyfanleika þeirra innan Sambandsins.
- 14) Tilgangurinn með því að koma Vinnuálastofnuninni á fót ætti ekki að vera sá að skapa ný réttindi eða skyldur fyrir einstaklinga eða vinnuveitendur, þ.m.t. rekstraraðila eða fyrirtæki sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni, þar eð í starfsemi stofnunarinnar ætti að gera ráð fyrir slíkum einstaklingum og vinnuveitendum að því marki sem þeir falla undir lög Sambandsins innan gildissviðs þessarar reglugerðar. Aukin samvinna um framfylgd ætti hvorki að leggja óhóflega stjórnsýslubyrði á farstarfsmenn eða vinnuveitendur, einkum lítil og meðalstór fyrirtæki, né heldur koma í veg fyrir hreyfanleika vinnuafis.
- 15) Til að tryggja að einstaklingar og vinnuveitendur geti notið ávinnings af sanngjörnum og skilvirkum innri markaði ætti Vinnuálastofnunin að styðja aðildarríkin í því að efla tækifæri í tengslum við hreyfanleika vinnuafis eða þjónustustarfsemi og ráðningar alls staðar í Sambandinu, m.a. tækifæri sem felast í aðgengi að þjónustu vegna hreyfanleika yfir landamæri, s.s. þörun starfa yfir landamæri, starfsþjálfun og námi á námssamningi og hreyfanleikaáætlunum á borð við „Fyrsta EURES-starfið þitt“ (Your first EURES job) eða ErasmusPRO. Vinnuálastofnunin ætti einnig að stuðla að bættu gagnsæi upplýsinga, m.a. um réttindi og skyldur sem kveðið er á um í lögum Sambandsins, og að aðgengi einstaklinga og vinnuveitenda að þjónustu í samstarfi við aðrar upplýsingaþjónustuveitur Sambandsins, eins og þjónustuveituna Þín Evrópa - ráðgjöf (Your Europe Advice), og að því að unnt sé að nýta sér til fulls og tryggja samræmi við gáttina Þín Evrópa (Your Europe portal) sem á að vera hryggjarstykkid í sameiginlegri stafrænni gátt sem komið er á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1724 (7).
- 16) Í þessu skyni ætti Vinnuálastofnunin að eiga samstarf innan ramma annarra viðeigandi frumkvæðisverkefna og tengslaneta Sambandsins, einkum samstarfsnets opinberra vinnumiðlana í Evrópu (European Network of Public Employment Services), evrópska fyrirtækjanetsins (European Enterprise Network), landamæramiðstöðvarinnar (Border Focal Point), nets til úrlausnar á vandamálum á innri markaði (SOLVIT) og nefndar háttsettra vinnuefirlitsmanna (Senior Labour Inspectors Committee), sem og innan ramma viðeigandi landsstofnana eins og aðila sem stuðla að jafnri meðferð og styðja launafólk í Sambandinu og aðstandendur þeirra, sem aðildarríkin tilnefna samkvæmt tilskipun 2014/54/ESB. Vinnuálastofnunin ætti að koma í stað framkvæmdastjórnarinnar við stjórn evrópskrar samráðsskrifstofu vinnumiðlunarnets Evrópu (EURES-netið), sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/589 (8), þ.m.t. við að greina þarfir notenda og viðskiptalegar kröfur að því er varðar skilvirkni EURES-vefgáttarinnar og tengdrar upplýsingatækniþjónustu, en að undanskildum þeim ákvæðum er varða upplýsingatækni og rekstur og þróun á innviðum upplýsingatækni sem framkvæmdastjórnin mun áfram sjá um.
- 17) Í því skyni að tryggja sanngjarna, einfalda og skilvirka beitingu og framfylgd á lögum Sambandsins ætti Vinnuálastofnunin að styðja samstarf og tímabær upplýsingaskipti milli aðildarríkja. Landsbundnir tengifulltrúar, sem starfa hjá Vinnuálastofnuninni, ættu, ásamt öðru starfsfólki, að styðja aðildarríki í því að uppfylla skuldbindingar um samvinnu, flýta fyrir upplýsingaskiptum þeirra á milli með málsmeðferð sem á að draga úr töfum og tryggja tengsl við aðrar landsbundnar tengiskrifstofur, aðila og tengiliði sem komið er á fót samkvæmt lögum Sambandsins. Vinnuálastofnunin ætti að hvetja til notkunar á nýstárlegum aðferðum við árangursríkt og skilvirkt samstarf yfir landamæri, m.a. verkfærum til skiptast á rafrænum gögnum, t.d. kerfinu fyrir rafræna miðlun upplýsinga um almannatryggingar (EESSI) og upplýsingakerfinu fyrir innri markaðinn (IMI), og hún ætti að leggja sitt af mörkum til að gera málsmeðferðir stafrænar og bæta upplýsingatæknitól sem notuð eru í boðskiptum milli landsbundinna yfirvalda.

(7) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1724 frá 2. október 2018 um að koma á sameiginlegri stafrænni gátt til að veita aðgang að upplýsingum, málsmeðferðarreglum og aðstoð og þjónustu til lausnar á vandamálum og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1024/2012 (Stjtið. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 1).

(8) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/589 frá 13. apríl 2016 um vinnumiðlunarnet Evrópu (EURES-netið), aðgang launafólks að þjónustu vegna hreyfanleika og frekari samþættingu vinnuarkaða, og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 492/2011 og (ESB) nr. 1296/2013 (Stjtið. ESB L 107, 22.4.2016, bls. 1).

- 18) Til að auka getu aðildarríkjanna til að tryggja vernd einstaklinga, sem nýta sér rétt sinn til frjálsrar farar, og takast á við misfellur sem ná yfir landamæri í tengslum við lög Sambandsins innan gildissviðs þessarar reglugerðar ætti Vinnumálastofnunin að styðja landsbundin yfirvöld við framkvæmd samstilltra og sameiginlegra skoðana, þ.m.t. með því að greiða fyrir framkvæmd skoðana í samræmi við 10. gr. tilskipunar 2014/67/ESB. Þessar skoðanir ættu að fara fram að beiðni aðildarríkjanna eða eftir að þau hafa fallist á tillögu Vinnumálastofnunarinnar. Vinnumálastofnunin ætti að veita aðildarríkjum, sem taka þátt í samstilltum eða sameiginlegum skoðunum, stuðning í tengslum við stefnumótun, skipulag og tækni, jafnframt því að virða trúnaðarkvaðir að fullu. Skoðanir ættu að fara fram í samráði við hlutaðeigandi aðildarríki og framkvæmdar innan ramma landslaga eða venja í þeim aðildarríkjum þar sem þær eru framkvæmdar. Aðildarríki ættu að fylgja eftir niðurstöðum samstilltu og sameiginlegru skoðananna samkvæmt landslögum eða venju.
- 19) Samstilltar og sameiginlegar skoðanir ættu ekki að koma í stað eða grafa undan landsbundum valdheimildum. Landsbundin yfirvöld ættu einnig að eiga fulla hlutdeild í slíkum skoðunarferlum og hafa óskorað vald. Ef stéttarfélög eru í forsvari fyrir skoðanir á innlendum vettvangi ættu samstilltar og sameiginlegar skoðanir að fara fram í kjölfar samkomulags við viðeigandi aðila vinnumarkaðarins og í samstarfi við þá.
- 20) Vinnumálastofnunin ætti að þróa, í samstarfi við aðildarríki og, eftir því sem við á, aðila vinnumarkaðarins, getu til greininga og áhættumats til þess að geta fylgst með nýrri þróun, áskorunum og glufum að því er varðar hreyfanleika vinnuafls og samræmingu almannatrygginga. Þetta ætti að taka til greininga og athugana á vinnumarkaðnum, sem og jafningjarýni. Vinnumálastofnunin ætti að fylgjast með mögulegu ójafnvægi með tilliti til færni og flæðis vinnuafls yfir landamæri, m.a. hugsanlegum áhrifum slíks á samheldni milli svæða. Vinnumálastofnunin ætti einnig að styðja við áhættumatið sem um getur í 10. gr. tilskipunar 2014/67/ESB. Vinnumálastofnunin ætti að tryggja að starf hennar og starf sérstofnana, þjónustuaðila og tengslaneta Sambandsins feli í sér samlegðaráhrif og komi hvert öðru til fyllingar. Þetta ætti að fela í sér að leitað verði álits frá neti til úrlausnar vandamála á innri markaði (SOLVIT) og sambærilegrar þjónustu um geirabundnar áskoranir og endurtekin vandamál sem varða hreyfanleika vinnuafls innan gildissviðs þessarar reglugerðar. Vinnumálastofnunin ætti einnig að auðvelda og einfalda þá gagnasöfnunstarfsemi sem kveðið er á um í lögum Sambandsins innan gildissviðs þessarar reglugerðar. Þetta felur ekki í sér nýjar skuldbindingar um skýrslugjöf fyrir aðildarríkin.
- 21) Til að styrkja burði landsbundinna yfirvalda að því er varðar hreyfanleika vinnuafls og samræmingu almannatrygginga og efla samræmda beitingu laga Sambandsins innan gildissviðs þessarar reglugerðar ætti Vinnumálastofnunin að veita landsbundnum yfirvöldum aðstoð við framkvæmd aðgerða, m.a. með því að þróa hagnýtar viðmiðunarreglur, koma á fót þjálfunar- og jafningjafræðsluáætlunum, þ.m.t. fyrir vinnueftirlitsstofnanir til að takast á við áskoranir á borð við gerviverktöku og misnotkun á útsendingu starfsmanna, stuðla að verkefnum um gagnkvæma aðstoð, greiða fyrir starfsmannaskiptum, eins og þeim sem um getur í 8. gr. tilskipunar 2014/67/ESB, og aðstoða aðildarríki við að skipuleggja herferðir til vitundarvakningar sem upplýsa einstaklinga og vinnuveitendur um réttindi þeirra og skyldur. Vinnumálastofnunin ætti að stuðla að skiptum á góðum starfsvenjum og þekkingu, miðlun þeirra og útbreiðslu og stuðla að gagnkvæmum skilningi á mismunandi kerfum og starfsvenjum í aðildarríkjunum.
- 22) Vinnumálastofnunin ætti að þróa samlegðaráhrif milli verkefna sinna til að tryggja sanngjarnan hreyfanleika vinnuafls og að tekið verði á svartri vinnu. Í þessari reglugerð merkir hugtakið „taka á“ svartri vinnu að koma í veg fyrir, aftra fólki frá og berjast gegn svartri vinnu, sem og að stuðla að skráningu svartrar vinnu. Á grundvelli þekkingar og vinnuáðferða evrópska vettvangsins til að efla samstarf um að taka á svartu vinnu, sem komið var á fót með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/344 (9), ætti Vinnumálastofnunin að koma á fót, með þátttöku aðila vinnumarkaðarins, varanlegum starfshópi, sem einnig er nefndur vettvangur, til að efla samstarf um að taka á svartri vinnu. Vinnumálastofnunin ætti að tryggja snurðulaus umskipti á núverandi starfsemi vettvangsins, sem komið var á fót með ákvörðun (ESB) 2016/344, yfir til starfshópsins innan Vinnumálastofnunarinnar.
- 23) Vinnumálastofnunin ætti að vera í hlutverki sáttamiðlara. Aðildarríki ættu að geta vísað einstökum deilumálum til Vinnumálastofnunarinnar til sáttameðferðar ef þeim hefur ekki tekist að leysa þau með beinu sambandi og samtali. Sáttameðferð ætti aðeins að varða deilumál milli aðildarríkjanna en einstaklingar og vinnuveitendur, sem eiga í erfiðleikum með að nýta sér Sambandsréttindi sín, ættu áfram að hafa aðgang að landsbundnum þjónustustofnunum og þjónustustofnunum Sambandsins sem eru sérhæfðar í því að fást við slík mál, t.d. SOLVIT-netið, sem Vinnumálastofnunin ætti að vísa slíkum málum til. SOLVIT-netið ætti einnig að geta vísað til Vinnumálastofnunarinnar málum sem ekki hefur tekist að leysa vegna ágreinings milli landsbundinna stjórnvalda. Vinnumálastofnunin ætti að sinna sáttamiðlunarhlutverki sínu með fyrirvara um valdheimildir Dómstóls Evrópusambandsins (hér eftir nefndur „Dómstóllinn“) að því er varðar túlkun á lögum Sambandsins og með fyrirvara um valdsvið framkvæmdaráðsins.

(9) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/344 frá 9. mars 2016 um að koma á fót evrópskum vettvangi til að efla samstarf við að taka á svartri vinnu (Stjtið ESB L 65, 11.3.2016, bls. 12).

- 24) Í evrópski umgjörð samvirkni (European Interoperability Framework (EIF)) eru meginreglur og tilmæli um hvernig bæta megi stjórnun á því starfi er lýtur að samvirkni og veitingu opinberra þjónustu, stofna til sambanda þvert á stofnanir og yfir landamæri, einfalda ferla sem styðja við stafræn skipti enda á milli og tryggja að bæði gildandi og ný löggjöf styðji við meginreglur um samvirkni. Evrópska viðmiðunarhögunin fyrir samvirkni (European Interoperability Reference Architecture - EIRA) er almenn umgjörð sem samanstendur af meginreglum og leiðbeiningum sem eiga við um framkvæmd samvirknilausna sem um getur í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2240<sup>(10)</sup>. Bæði evrópsk umgjörð samvirkni og evrópska viðmiðunarhögunin fyrir samvirkni ættu að veita Vinnuálastofnuninni leiðsögn og stuðning í málum sem varða samvirkni.
- 25) Vinnuálastofnunin ætti að mið að því að bæta aðgengi að upplýsingum og þjónustu á Netinu fyrir hagsmunaaðila í aðildarríkjunum og í Sambandinu og greiða fyrir upplýsingaskiptum þeirra á milli. Því ætti Vinnuálastofnunin að hvetja til notkunar á stafrænum verkfærum þegar unnt er. Fyrir utan upplýsingatæknikerfi og vefsetur gegna stafræn verkfæri á borð við netvettvanga og gagnasöfn á Netinu æ mikilvægara hlutverki á vinnumarkaði yfir landamæri fyrir hreyfanlegt vinnuafli. Slík verkfæri eru þannig gagnleg til að veita auðveldan aðgang að viðeigandi upplýsingum á Netinu og auðvelda hagsmunaaðilum í aðildarríkjunum og í Sambandinu upplýsingaskipti varðandi starfsemi þeirra sem nær yfir landamæri.
- 26) Vinnuálastofnunin ætti að kappkosta að tryggja að vefsetur og smáforrit fyrir snjalltæki, sem eiga að framkvæma þau verkefni sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, séu í samræmi við viðeigandi kröfur Sambandsins um aðgengi. Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2102<sup>(11)</sup> er þess krafist að aðildarríkin tryggi að vefsetur opinberra aðila þeirra séu aðgengileg í samræmi við þær meginreglur að þau séu skýr, nothæf, skiljanleg og traust og uppfylli kröfur þeirrar tilskipunar. Sú tilskipun gildir ekki um vefsetur eða smáforrit stofnana, aðila, skrifstofa og sérstofnana Sambandsins fyrir snjalltæki. Vinnuálastofnunin ætti þó að leitast við að fylgja þeim meginreglum sem settar eru fram í þeirri tilskipun.
- 27) Um stjórnun og rekstur Vinnuálastofnunarinnar ættu að gilda meginreglur sameiginlegrar yfirlýsingar Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar um sjálfstæðar stofnanir frá 19. júlí 2012.
- 28) Jafnræðisreglan er grundvallarregla í lögum Sambandsins. Samkvæmt henni er jafnrétti kvenna og karla tryggt á öllum sviðum, þ.m.t. að því er varðar atvinnu, störf og laun. Allir aðilar ættu að leitast við að ná jöfnu hlutfalli karla og kvenna í stjórninni og í hagsmunahópnum. Stjórnin ætti einnig að stefna að því markmiði þegar litið er til formanns hennar og varaformanna samanlagt.
- 29) Til að tryggja skilvirka starfsemi Vinnuálastofnunarinnar ættu aðildarríkin og framkvæmdastjórnin að eiga fulltrúa í stjórninni. Evrópuþingið og heildarsamtök aðila vinnumarkaðarins á vettvangi Sambandsins, þar sem stéttarfélag og samtök vinnuveitenda eiga jafnmarga fulltrúa og lítil og meðalstór fyrirtæki hafa fullnægjandi fyrirsvar, geta einnig tilnefnt fulltrúa í stjórnina. Samsetning stjórnarinnar, þ.m.t. val á formanni hennar og varaformanni, ætti að byggjast á meginreglunum um jafnt hlutfall kynjanna, reynslu og menntun og hæfi. Til þess að Vinnuálastofnunin starfi með skilvirkum og árangursríkum hætti ætti stjórnin einkum að samþykkja árlega vinnuáætlun, gegna störfum sínum með tilliti til fjárhagsáætlunar Vinnuálastofnunarinnar, samþykkja fjárhagsreglur fyrir stofnunina, skipa framkvæmdastjóra og koma á ferli vegna töku ákvarðana fyrir framkvæmdastjórnin í tengslum við verkefni Vinnuálastofnunarinnar er varða framkvæmd aðgerða. Fulltrúum þriðju landa sem beita reglum Sambandsins innan gildissvið þessarar reglugerðar ætti að vera heimilt að taka þátt í fundum stjórnarinnar sem áheyrnarfulltrúar.
- 30) Í undantekningartilvikum, þar sem nauðsynlegt þykir að tryggja mestu mögulegu leynd upplýsinga, ætti sjálfstæði sérfræðingurinn, sem Evrópuþingið og heildarsamtök aðila vinnumarkaðarins á vettvangi Sambandsins tilnefna, ekki að taka þátt í umræðum stjórnarinnar. Tilgreina ætti slík ákvæði með skýrum hætti í starfsreglum stjórnarinnar og takmarka þau við viðkvæmar upplýsingar um einstök mál til að tryggja að virk þátttaka sérfræðingsins og fulltrúanna í starfi stjórnarinnar sé ekki takmörkuð meira en þörf krefur.
- 31) Skipa ætti framkvæmdastjóra til að tryggja almenna stjórnsýslu Vinnuálastofnunarinnar og framkvæmd þeirra verkefna sem henni eru falin. Annað starfsfólk getur gengið í starf framkvæmdastjórans þegar slíkt er talið nauðsynlegt til að tryggja daglegan rekstur Vinnuálastofnunarinnar, í samræmi við innri reglur stofnunarinnar, án þess að koma fót öðrum stjórnunarstöðum.

<sup>(10)</sup> Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2240 frá 25. nóvember 2015 um að koma á fót áætlun um rekstrarsamhæfisláusnir og sameiginlega ramma fyrir opinberar stjórnsýslustofnanir, fyrirtæki og borgara í Evrópu (ISA<sup>2</sup>-áætlunin) sem leið til að nútímavæða hið opinbera (Stjtið. ESB L 318, 4.12.2015, bls. 1).

<sup>(11)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2102 frá 26. október 2016 um aðgengileika vefsetra opinberra aðila og smáforrita þeirra fyrir snjalltæki (Stjtið. ESB L 327, 2.12.2016, bls. 1).

- 32) Stjórnin og framkvæmdastjórinn ættu, með fyrirvara um valdsvið framkvæmdastjórnarinnar, að njóta sjálfstæðis við framkvæmd skyldustarfa sinna og starfa að hagsmunum almennings.
- 33) Vinnuálastofnunin ætti að reiða sig á sérfræðipækkingu viðkomandi hagsmunaaðila með beinum hætti á þeim sviðum sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar fyrir milligöngu sérstaks hóps hagsmunaaðila. Í hagsmunahópnum ættu að vera fulltrúar aðila vinnumarkaðarins á vettvangi Sambandsins, þ.m.t. viðurkenndir aðilar vinnumarkaðarins í Sambandinu í tilteknum geirum sem eru fulltrúar atvinnugreina sem láta málefni hreyfanleika vinnuafns sig varða sérstaklega. Hagmunahópurinn ætti að fá fyrirframkynningu og leggja álit sitt fyrir Vinnuálastofnunina, að fenginni beiðni eða að eigin frumkvæði. Í starfsemi sinni mun hagsmunahópurinn taka tilhlýðilegt tillit til álitsgerða og byggja á sérfræðipækkingu ráðgjafarnefndarinnar um samræmingu almannatryggingakerfa sem komið var á fót með reglugerð (EB) nr. 883/2004 og ráðgjafarnefndarinnar um frjálsa för launafólks sem komið var á fót samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 492/2011 <sup>(12)</sup>.
- 34) Til að tryggja Vinnuálastofnuninni fullt sjálfræði og sjálfstæði ætti hún að hafa sjálfstæðan fjárhag og hafa tekjur sínar af fjárlögum Sambandsins, frjálsum framlögum frá aðildarríkjunum og framlögum frá þriðju löndum sem taka þátt í starfi hennar. Í tilhlýðilega rökstuddum undantekningartilvikum gæti hún einnig verið í stöðu til að taka við framsalssamningum eða sérstökum fjárstyrkjum og innheimta gjöld fyrir útgáfu og aðra þjónustu sem hún veitir.
- 35) Þýðingamiðstöðin, sem þjónar stofnunum Evrópusambandsins (þýðingamiðstöðin), skal annast nauðsynlegar þýðingar vegna starfsemi Vinnuálastofnunarinnar. Vinnuálastofnunin ætti að vinna náið með þýðingamiðstöðinni að því að ákvarða vísa varðandi gæði, tímanleika og trúnaðarkvaðir svo að unnt verði að greina með skýrum hætti þarfir og forgangsrið Vinnuálastofnunarinnar og setja fram gagnsæjar og hlutlægar verklagsreglur fyrir þýðingarferlið.
- 36) Vinnsla persónuupplýsinga, sem fram fer í tengslum við þessa reglugerð, ætti að vera í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 <sup>(13)</sup> eða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 <sup>(14)</sup>, eftir því sem við á. Þetta felur í sér að gerðar eru viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að uppfylla þær skuldbindingar sem felast í þessum reglugerðum, einkum ráðstafanir sem varða lögmæti vinnslunnar, öryggi vinnslustarfseminnar, miðlun upplýsinga og réttindi skráðra aðila.
- 37) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 <sup>(15)</sup> ætti að gilda um Vinnuálastofnunina til að tryggja gagnsæjan rekstur hennar. Starfsemi Vinnuálastofnunarinnar ætti að sæta grannskoðun umboðsmanns Evrópusambandsins í samræmi við 228. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.
- 38) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 883/2013 <sup>(16)</sup> ætti að gilda um Vinnuálastofnunina, sem ætti að gerast aðili að samstarfssamningnum milli stofnana frá 25. maí 1999 milli Evrópuþingsins, ráðs Evrópusambandsins og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna um innri rannsóknir Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum (OLAF).
- 39) Gistiaðildarríki Vinnuálastofnunarinnar ætti að sjá fyrir bestu hugsanlegu skilyrðum til að tryggja eðlilega starfsemi hennar.
- 40) Til þess að tryggja opin og gagnsæ ráðningarkjör og jafna meðferð starfsfólks skulu starfsmannareglur embættismanna Evrópusambandsins og ráðningarskilmálar annarra starfsmanna Evrópusambandsins, sem mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (EBE, KBE, KSE) nr. 259/68 <sup>(17)</sup> (nefndar „starfsmannareglurnar“ og „ráðningarskilmálarnir“, eftir því sem við á), gilda um starfsfólk og framkvæmdastjóra Vinnuálastofnunarinnar, þ.m.t. reglur um þagnarskyldu eða aðrar sambærilegar trúnaðarreglur.

<sup>(12)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 492/2011 frá 5. apríl 2011 um frjálsa för launafólks innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 141, 27.5.2011, bls. 1).

<sup>(13)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtið. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).

<sup>(14)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu stofnana, aðila, skrifstofa og sérstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtið. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 39).

<sup>(15)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar (Stjtið. EB L 145, 31.5.2001, bls. 43).

<sup>(16)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 883/2013 frá 11. september 2013 um rannsóknir Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum (OLAF) og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1073/1999 og reglugerð ráðsins (KBE) nr. 1074/1999 (Stjtið. ESB L 248, 18.9.2013, bls. 1).

<sup>(17)</sup> Stjtið. EB L 56, 4.3.1968, bls. 1.

- 41) Vinnuálastofnunin ætti að eiga samstarf við stofnanir Sambandsins, innan ramma valdheimilda þeirra, einkum þær sem hafa staðfestu á sviði atvinnu- og félagsmála, byggja á sérfræðikunnáttu þeirra og hámarka samlegðaráhrif: við Evrópustofnunina um bætt lífskjör og starfsskilyrði (Eurofound), Evrópumíðstöðina fyrir þróun starfsmenntunar (Cedefop), Evrópsku vinnuverndarstofnunina (EU-OSHA) og Starfsmenntunarstofnun Evrópu (ETF) sem og, að því er varðar baráttu gegn skipulagðri glæpastarfsemi og mansali, við Löggæslusamvinnustofnun Evrópusambandsins (Europol) og Refsivörslusamvinnustofnun Evrópusambandsins (Eurojust). Slíkt samstarf ætti að tryggja samræmingu, stuðla að samlegðaráhrifum og koma í veg fyrir tvíverknað í starfsemi þeirra.
- 42) Að því er varðar samræmingu almannatrygginga ættu Vinnuálastofnunin og framkvæmdaráðið að eiga náið samstarf með það að markmiði að ná fram samlegðaráhrifum og forðast tvíverknað.
- 43) Til að styrkja aðgerðabætti í starfsemi þeirra aðila sem fyrir eru á þeim sviðum sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar ætti Vinnuálastofnunin að sinna verkefnum tækninefndarinnar um frjálsa för launþega, sem komið var á fót með reglugerð (ESB) nr. 492/2011, sérfræðinganefndarinnar um útsendingu starfsmanna, sem komið var á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/17/EB<sup>(18)</sup>, þ.m.t. upplýsingaskiptum um samvinnu á sviði stjórnýslu, aðstoð í álitaefnum varðandi framkvæmd, sem og framfylgd yfir landamæri, og vettvangsins sem komið var á fót með ákvörðun (ESB) 2016/344. Þegar Vinnuálastofnunin hefur hafið starfsemi sína ætti að leggja niður starfsemi þessara aðila. Stjórnin getur ákveðið að koma á fót sérstökum starfshópum eða sérfræðinganefndum.
- 44) Með ráðgjafarnefndinni um samræmingu almannatryggingakerfa og ráðgjafarnefndinni um frjálsa för launþega myndast samráðsvettvangur aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarfulltrúa á landsvísu. Vinnuálastofnunin ætti að leggja sitt af mörkum til starfs þeirra og er heimilt að taka þátt í fundum þeirra.
- 45) Þegar Vinnuálastofnunin hefur hafið starfsemi sína ætti að breyta reglugerðum (EB) nr. 883/2004, (ESB) nr. 492/2011 og (ESB) 2016/589 og fella niður ákvörðun (ESB) 2016/344 til að endurspegla nýja stofnanafyrirkomulagið.
- 46) Vinnuálastofnunin ætti að taka tillit til þess hversu fjölbreytt samskiptakerfi aðila vinnumarkaðarins eru í aðildarríkjunum, sem og sjálfræðis aðila vinnumarkaðarins, eins og skýrt er kveðið á um í sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins. Þátttaka í starfsemi Vinnuálastofnunarinnar hefur ekki áhrif á valdheimildir, skuldbindingar og ábyrgð aðildarríkjanna samkvæmt m.a. viðeigandi og gildandi samþykktum Alþjóðavinnuálastofnunarinnar (ILO), s.s. samþykkt nr. 81 um vinnueftirlit í iðnaði og verslun, eða á heimildir aðildarríkjanna til að setja reglur um, miðla eða hafa eftirlit með samskiptum aðila vinnumarkaðarins á innlendum vettvangi, einkum hvað varðar nýtingu réttarins til að gera kjarasamninga og grípa til sameiginlegra aðgerða.
- 47) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð, án samræmingar, markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. að stuðla, innan gildissviðs hennar, að því að tryggja sanngjarnan hreyfanleika vinnuafis innan Sambandsins og aðstoða aðildarríkin og framkvæmdastjórnina við samræmingu almannatryggingakerfa innan Sambandsins, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna eðlis þeirrar starfsemi yfir landamæri og vegna þess að þörf er á aukinni samvinnu milli aðildarríkjanna, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhöfsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessum markmiðum.
- 48) Í þessari reglugerð eru grundvallarréttindi virt og meginreglum fylgt, einkum þeim sem eru viðurkennd í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, eins og viðurkennt er í 6. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

<sup>(18)</sup> Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/17/EB frá 19. desember 2008 um að koma á fót sérfræðinganefnd um útsendingu starfsmanna (Stjóð. ESB L 8, 13.1.2009, bls. 26).

## SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

## 1. KAFLI

## MEGINREGLUR

## 1. gr.

## Stofnun, efni og gildissvið

1. Með þessari reglugerð er Evrópsku vinnuálastofnuninni komið á fót (hér eftir nefnd „Vinnuálastofnunin“).
2. Vinnuálastofnunin skal aðstoða aðildarríki og framkvæmdastjórnina við skilvirka beitingu og framfylgd á lögum Sambandsins sem varða hreyfanleika vinnuafis innan Sambandsins og samræmingu almannatryggingakerfa innan Sambandsins. Vinnuálastofnunin skal starfa innan gildissviðs þeirra gerða Sambandsins sem eru taldar upp í 4. mgr., þ.m.t. allra tilskipana, reglugerða og ákvarðana sem eiga stöð í þessum gerðum, og annarra lagalega bindandi gerða Sambandsins þar sem Vinnuálastofnuninni eru falin verkefni.
3. Þessi reglugerð skal ekki á nokkurn hátt hafa áhrif á nýtingu grundvallarréttinda eins og þau eru viðurkennd í aðildarríkjunum og á vettvangi Sambandsins, þ.m.t. réttar eða frelsis til verkfalls eða annarra aðgerða sem falla undir sérstök samskiptakerfi aðila vinnumarkaðarins í aðildarríkjunum í samræmi við landslög eða venjur. Hún hefur heldur ekki áhrif á réttinn til að semja um, ganga frá og framfylgja kjarasamningum eða grípa til sameiginlegra aðgerða í samræmi við landslög eða venjur.
4. Umfang starfsemi Vinnuálastofnunarinnar skal ná yfir eftirfarandi gerðir Sambandsins, þ.m.t. allar síðari breytingar á þessum gerðum:
  - a) tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/71/EB <sup>(19)</sup>,
  - b) tilskipun 2014/67/ESB,
  - c) reglugerð (EB) nr. 883/2004 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 <sup>(20)</sup>, þ.m.t. ákvæði reglugerða ráðsins (EBE) nr. 1408/71 <sup>(21)</sup> og (EBE) nr. 574/72 <sup>(22)</sup> að því leyti sem þau eiga enn við, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1231/2010 <sup>(23)</sup> og reglugerð ráðsins (EB) nr. 859/2003 <sup>(24)</sup> um að láta ákvæði reglugerða (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 ná til ríkisborgara þriðju landa sem þessar reglugerðir taka ekki þegar til einungis á grundvelli þjóðernis þeirra,
  - d) reglugerð (ESB) nr. 492/2011,

<sup>(19)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/71/EB frá 16. desember 1996 um störf útsendra starfsmanna í tengslum við veitingu þjónustu (Stjtið. EB L 18, 21.1.1997, bls. 1).

<sup>(20)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 frá 16. september 2009 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa (Stjtið. ESB L 284, 30.10.2009, bls. 1).

<sup>(21)</sup> Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 frá 14. júní 1971 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja (Stjtið. EB L 149, 5.7.1971, bls. 2).

<sup>(22)</sup> Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72 frá 21. mars 1972 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja (Stjtið. EB L 74, 27.3.1972, bls. 1).

<sup>(23)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1231/2010 frá 24. nóvember 2010 um að láta reglugerð (EB) nr. 883/2004 og reglugerð (EB) nr. 987/2009 ná til ríkisborgara þriðju landa sem þessar reglugerðir taka ekki þegar til einungis á grundvelli þjóðernis þeirra (Stjtið. ESB L 344, 29.12.2010, bls. 1).

<sup>(24)</sup> Reglugerð ráðsins (EB) nr. 859/2003 frá 14. maí 2003 um að láta ákvæði reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 og reglugerðar (EBE) nr. 574/72 ná til ríkisborgara þriðju landa sem þessi ákvæði taka ekki þegar til einungis á grundvelli þjóðernis þeirra (Stjtið. ESB L 124, 20.5.2003, bls. 1).

- e) tilskipun 2014/54/ESB,
- f) reglugerð (ESB) 2016/589,
- g) reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 561/2006 <sup>(25)</sup>,
- h) tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/22/EB <sup>(26)</sup>,
- i) reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1071/2009 <sup>(27)</sup>.

5. Starfsemi Vinnuálastofnunarinnar skal taka til ákvæða þessarar reglugerðar sem tengjast samstarfi milli aðildarríkja um að taka á svartri vinnu.

6. Þessi reglugerð skal virða valdheimildir aðildarríkja að því er varðar beitingu og framfylgd á lögum Sambandsins sem talin eru upp í 4. mgr.

Hún skal ekki hafa áhrif á þau réttindi eða skyldur einstaklinga eða vinnuveitenda sem lög Sambandsins, landslög eða venjur veita eða réttindi og skyldur landsbundinna yfirvalda sem af þeim leiða og ekki heldur á sjálffræði aðila vinnumarkaðarins eins og það er viðurkennt í sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins.

Þessi reglugerð skal ekki hafa áhrif á gildandi tvíhliða samninga og fyrirkomulag um samvinnu aðildarríkja á sviði stjórnsýslu, einkum þá sem tengist samstilltum og sameiginlegum skoðunum.

2. gr.

#### Markmið

Markmið Vinnuálastofnunarinnar skulu vera að stuðla að því að tryggja sanngjarnan hreyfanleika vinnuafis innan Sambandsins og aðstoða aðildarríki og framkvæmdastjórnina við samræmingu almannatryggingakerfa innan Sambandsins. Í því skyni og innan gildissviðs skv. 1. gr. skal Vinnuálastofnunin:

- a) greiða fyrir aðgengi að upplýsingum um réttindi og skyldur varðandi hreyfanleika vinnuafis innan Sambandsins sem og aðgengi að viðkomandi þjónustu,
- b) greiða fyrir samstarfi og efla milli aðildarríkja við framfylgd viðeigandi laga Sambandsins í öllu Sambandinu, þ.m.t. að greiða fyrir samstilltum og sameiginlegum skoðunum,
- c) miðla og greiða fyrir lausn ef um er að ræða deilumál yfir landamæri milli aðildarríkja og
- d) styðja samstarf milli aðildarríkja um að taka á svartri vinnu.

3. gr.

#### Réttarstaða

1. Vinnuálastofnunin skal vera Sambandsstofnun með réttarstöðu lögaðila.

<sup>(25)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 561/2006 frá 15. mars 2006 um samþæfingu tiltekinnna ákvæða félagsmálalöggjafarinnar er varða flutninga á vegum og um breytingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 3821/85 og (EB) nr. 2135/98 og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3820/85 (Stjtið. ESB L 102, 11.4.2006, bls. 1).

<sup>(26)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/22/EB frá 15. mars 2006 um lágmarksskilyrði fyrir framkvæmd reglugerða ráðsins (EBE) nr. 3820/85 og (EBE) nr. 3821/85 varðandi félagsmálalöggjöf er varðar flutningastarfsemi á vegum og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 88/599/EBE (Stjtið. ESB L 102, 11.4.2006, bls. 35).

<sup>(27)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1071/2009 frá 21. október 2009 um sameiginlegar reglur varðandi skilyrði sem uppfylla þarf til þess að mega starfa sem flutningsaðili á vegum og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 96/26/EB (Stjtið. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 51).

2. Vinnumálastofnunin skal njóta þess réttshæfis og gerhæfis í hverju aðildarríki sem landslög þess framast veita lögaðilum. Hún getur m.a. aflað og afsalað sér fasteignum og lausafé og tekið þátt í málarekstri.

## II. KAFLI

### VERKEFNI VINNUMÁLASTOFNUNARINNAR

#### 4. gr.

#### Verkefni Vinnumálastofnunarinnar

Til að ná markmiðum sínum skal Vinnumálastofnunin annast eftirfarandi verkefni:

- a) greiða fyrir aðgengi að upplýsingum og samræma vinnumiðlunarnet Evrópu (EURES-netið) í samræmi við 5. og 6. gr.,
- b) greiða fyrir samstarfi og upplýsingaskiptum milli aðildarríkja með samræmda, skilvirka og árangursríka beitingu og framfylgd viðeigandi laga Sambandsins fyrir augum, í samræmi við 7. gr.,
- c) samræma og styðja við samstilltar og sameiginlegar skoðanir, í samræmi við 8. og 9. gr.,
- d) annast greiningar og áhættumat í málefnum sem varða hreyfanleika vinnuafis yfir landamæri, í samræmi við 10. gr.,
- e) styðja aðildarríki við að byggja upp getu að því er varðar skilvirka beitingu og framfylgd á viðeigandi lögum Sambandsins, í samræmi við 11. gr.,
- f) styðja aðildarríki við að taka á svartri vinnu, í samræmi við 12. gr.,
- g) miðla deilumálum milli aðildarríkja um beitingu viðeigandi laga Sambandsins, í samræmi við 13. gr.

#### 5. gr.

#### Upplýsingar um hreyfanleika vinnuafis

Vinnumálastofnunin skal bæta tiltækileika, gæði og aðgengileika almennra upplýsinga sem einstaklingum, vinnuveitendum og samtökum aðila vinnumarkaðarins bjóðast varðandi réttindi og skyldur sem leiðir af þeim gerðum Sambandsins sem taldar eru upp í 4. mgr. 1. gr. til að greiða fyrir hreyfanleika vinnuafis innan Sambandsins. Í því skyni skal Vinnumálastofnunin:

- a) stuðla að miðlun viðeigandi upplýsinga um réttindi og skyldur einstaklinga í tilvikum sem tengjast hreyfanleika vinnuafis yfir landamæri, m.a. um sameiginlegt vefsetur innan Sambandsins sem gegnir hlutverki sameiginlegrar gáttar til að fá aðgang að upplýsingaveitum og þjónustu á vettvangi Sambandsins og á landsvísu á öllum opinberum tungumálum Sambandsins sem komið var á fót með reglugerð (ESB) 2018/1724,
- b) styðja aðildarríki við beitingu reglugerðar (ESB) 2016/589,
- c) styðja aðildarríki við að uppfylla skuldbindingar um aðgengi að og miðlun upplýsinga sem varða frjálsa för launafólks, einkum eins og mælt er fyrir um í 6. gr. tilskipunar 2014/54/ESB og í 22. gr. reglugerðar (ESB) 2016/589, samræmingu almannatrygginga eins og mælt er fyrir um í 4. og 5. mgr. 76. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 og útsendingu starfsmanna eins og mælt er fyrir um í 5. gr. tilskipunar 2014/67/ESB, m.a. með því að visa til landsbundinna upplýsingaveitna eins og sameiginlegra opinberra vefsetra í hverju aðildarríki,

- d) styðja aðildarríki við að bæta nákvæmni, heildstæðni og notendavænleika viðeigandi landsbundinna upplýsingaveitna og þjónustu, í samræmi við gæðaviðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2018/1724,
- e) styðja aðildarríki við að einfalda miðlun upplýsinga og þjónustu til einstaklinga og vinnuveitenda varðandi hreyfanleika yfir landamæri að eigin frumkvæði,
- f) greiða fyrir samstarfi milli þar til bærra aðila sem tilnefndir eru í samræmi við tilskipun 2014/54/ESB til að veita einstaklingum og vinnuveitendum upplýsingar, leiðbeiningar og aðstoð að því er varðar hreyfanleika vinnuafis á innri markaðinum.

6. gr.

**Samræming EURES-netsins**

Til að styðja aðildarríki við að veita einstaklingum og vinnuveitendum þjónustu í gegnum EURES-netið, s.s. við pörun lausra starfa, starfsþjálfunar og náms á námssamningi við ferilskrár yfir landamæri og greiða þannig fyrir hreyfanleika vinnuafis innan Sambandsins, skal Vinnumálastofnunin stjórna evrópskri samráðsskrifstofu EURES-netsins, sem komið var á fót skv. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2016/589.

Evrópska samráðsskrifstofan skal uppfylla skyldur sínar í samræmi við 8. gr. reglugerðar (ESB) 2016/589 undir stjórn Vinnumálastofnunarinnar, að undanskildum tæknilegum rekstri og þróun EURES-gáttarinnar og tengdrar upplýsinga-tækniþjónustu sem skal áfram vera undir stjórn framkvæmdastjórnarinnar. Vinnumálastofnunin skal, á ábyrgð framkvæmdastjórnans, eins og sett er fram í n-lið 4. mgr. 22. gr. þessarar reglugerðar, tryggja að þessi starfsemi uppfylli að öllu leyti kröfur gildandi löggjafar um gagnavernd, þ.m.t. kröfuna um að tilnefna gagnaverndarfulltrúa, í samræmi við 36. gr. þessarar reglugerðar.

7. gr.

**Samstarf og upplýsingaskipti milli aðildarríkja**

1. Vinnumálastofnunin skal greiða fyrir samstarfi og hröðun upplýsingaskipta milli aðildarríkja og styðja þau við að uppfylla skuldbindingar um samstarf á skilvirkan hátt, þ.m.t. um upplýsingaskipti, eins og skilgreint er í lögum Sambandsins innan gildissviðs þessarar reglugerðar.

Í því skyni skal Vinnumálastofnunin einkum:

- a) ef eitt eða fleiri aðildarríki óska þess, styðja landsbundin yfirvöld við að staðfesta hverjir eru viðeigandi tengiliðir landsbundinna yfirvalda í öðrum aðildarríkjum,
- b) ef eitt eða fleiri aðildarríki óska þess, greiða fyrir eftirfylgni með beiðnum og upplýsingaskiptum milli landsbundinna yfirvalda með því að veita skipulagslegan og tæknilegan stuðning, þ.m.t. þýðingar- og túlkþjónustu, og með miðlun upplýsinga um stöðu mála,
- c) efla, deila og stuðla að miðlun bestu starfsvenja milli aðildarríkja,
- d) ef eitt eða fleiri aðildarríki óska þess, þar sem við á, greiða fyrir og styðja við fullnustuaðgerðir yfir landamæri sem varða viðurlög og sektir, innan gildissviðs þessarar reglugerðar skv. 1. gr.,
- e) gefa framkvæmdastjórninni skýrslu tvisvar á ári um óleystar beiðnir milli aðildarríkja og ígrunda hvort vísa ætti þeim til sáttameðferðar í samræmi við 2. mgr. 13. gr.

2. Ef eitt eða fleiri aðildarríki óska þess og þegar Vinnumálastofnunin sinnir verkefnum sínum skal hún veita upplýsingar til að styðja viðkomandi aðildarríki við skilvirka beitingu þeirra gerða Sambandsins sem falla undir valdsvið Vinnumálastofnunarinnar.

3. Vinnumálastofnunin skal stuðla að notkun rafrænna verkfæra og málsmeðferða í boðskiptum milli landsbundinna yfirvalda, þ.m.t. upplýsingakerfisins fyrir innri markaðinn (IM-upplýsingakerfið).

4. Vinnuálastofnunin skal hvetja til notkunar á nýstárlegum aðferðum við árangursríkt og skilvirkt samstarf yfir landamæri og skal stuðla að mögulegri notkun á rafrænum miðlunarbúnaði og gagnasöfnum milli aðildarríkjanna til að greiða fyrir aðgangi að gögnum í rauntíma og greiningu á svikum og getur lagt til mögulegar umbætur við notkun á þessum búnaði og gagnasöfnum. Vinnuálastofnunin skal senda framkvæmdastjórninni skýrslur í því skyni að þróa rafrænan miðlunarbúnað og gagnasöfn frekar.

8. gr.

#### Samræming og stuðningur við samstilltar og sameiginlegar skoðanir

1. Að beiðni eins eða fleiri aðildarríkja skal Vinnuálastofnunin samræma og styðja við samstilltar eða sameiginlegar skoðanir á sviðum innan valdsviðs Vinnuálastofnunarinnar. Vinnuálastofnunin getur einnig lagt til, að eigin frumkvæði, við yfirvöld hlutaðeigandi aðildarríkja að þau framkvæmi samstillta eða sameiginlega skoðun.

Samstilltar og sameiginlegar skoðanir skulu háðar samþykki hlutaðeigandi aðildarríkja.

Samtök aðila vinnuarkaðarins á landsvísu geta vakið athygli Vinnuálastofnunarinnar á málum.

2. Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „samstilltar skoðanir“: skoðanir sem fara fram í tveimur eða fleiri aðildarríkjum samtímis varðandi tengd mál, þar sem hvert landsbundið yfirvald starfar á sínu eigin yfirráðasvæði og, eftir því sem við á, með stuðningi starfsfólks Vinnuálastofnunarinnar,
- b) „sameiginlegar skoðanir“: skoðanir sem fara fram í aðildarríki með þátttöku landsbundinna yfirvalda í einu eða fleiri öðrum aðildarríkjum og, eftir því sem við á, með stuðningi starfsfólks Vinnuálastofnunarinnar.

3. Í samræmi við meginregluna um samstarf af heilindum skulu aðildarríki leitast við að taka þátt í samstilltum eða sameiginlegum skoðunum.

Samstillt eða sameiginleg skoðun skal vera með fyrirvara um fyrirframsamþykki allra þátttökuaðildarríkja og skal tilkynna um slíkt samþykki gegnum landsbundna tengifulltrúa sem eru tilnefndir skv. 32. gr.

Ef eitt eða fleiri aðildarríki ákveða að taka ekki þátt í samstilltri eða sameiginlegri skoðun skulu landsbundin yfirvöld hinna aðildarríkjanna einungis framkvæma slíka skoðun í þátttökuaðildarríkjunum. Aðildarríki sem ákveða að taka ekki þátt skulu fara með upplýsingar um slíka skoðun sem trúnaðarmál.

4. Vinnuálastofnunin skal koma á og samþykkja fyrirkomulag til að tryggja viðeigandi eftirfylgni þegar aðildarríki ákveður að taka ekki þátt í samstilltri eða sameiginlegri skoðun.

Í slíkum tilvikum skal hlutaðeigandi aðildarríki upplýsa, án ástæðulausrar tafar, Vinnuálastofnunina og hin aðildarríkin sem hlut eiga að máli skriflega, þ.m.t. með rafrænum hætti, um ástæður ákvörðunar sinnar og hugsanlega um þær ráðstafanir sem það fyrirhugar að gera til að leysa málið, sem og um niðurstöður slíkra ráðstafana þegar þær eru þekktar. Vinnuálastofnunin getur lagt til að aðildarríkið sem tók ekki þátt í samstilltri eða sameiginlegri skoðun framkvæmi sína eigin skoðun að eigin ákvörðun.

5. Aðildarríki og Vinnuálastofnunin skulu fara með upplýsingar um fyrirhugaðar skoðanir sem trúnaðarmál að því er varðar þriðju aðila.

9. gr.

#### Fyrirkomulag við samstilltar og sameiginlegar skoðanir

1. Í samningi um að framkvæma samstillta skoðun eða sameiginlega skoðun milli þátttökuaðildarríkja og Vinnuálastofnunarinnar skal setja fram skilmála og skilyrði fyrir framkvæmd þeirrar skoðunar, þ.m.t. umfang og tilgang

skoðunarinnar og, ef við á, fyrirkomulag að því er varðar þátttöku starfsfólks Vinnumálastofnunarinnar. Samningurinn getur innihaldið ákvæði sem gera það kleift að framkvæma samstilltar eða sameiginlegar skoðanir með skömmum fyrirvara, þegar þær hafa verið samþykktar og skipulagðar. Vinnumálastofnunin skal koma á fyrirmynd að samningi í samræmi við lög Sambandsins og einnig landslög eða venjur.

2. Samstilltar og sameiginlegar skoðanir skulu fara fram í samræmi við lög eða venjur þeirra aðildarríkja þar sem skoðanirnar fara fram. Hvers kyns eftirfylgni með slíkum skoðunum skal fara fram í samræmi við lög eða venjur hlutaðeigandi aðildarríkja.

3. Samstilltar og sameiginlegar skoðanir skulu fara fram með skilvirkum hætti. Í því skyni skulu aðildarríki veita embættismönnum frá öðru aðildarríki, sem taka þátt í slíkum skoðunum, viðeigandi hlutverk og stöðu með skoðunar-samningnum, í samræmi við lög eða venjur þess aðildarríkis þar sem skoðunin fer fram.

4. Vinnumálastofnunin skal veita aðildarríkjum, sem framkvæma samstilltar eða sameiginlegar skoðanir, stuðning með tilliti til hugtaka, skipulags og tækni og, eftir því sem við á, lögfræðilegar sérþekkingar ef hlutaðeigandi aðildarríki óska eftir því, þ.m.t. þýðingar- og túlkapjónusta.

5. Starfsfólk Vinnumálastofnunarinnar getur verið viðstatt skoðun sem áheyrnarfulltrúar, veitt skipulagslegan stuðning og tekið þátt í samstilltri eða sameiginlegri skoðun með fyrirframsamþykki aðildarríkisins á því yfirráðasvæði þar sem aðstoð þess verður veitt við skoðun í samræmi við lög eða venjur aðildarríkisins.

6. Yfirvald aðildarríkis sem framkvæmir samstillta eða sameiginlega skoðun skal gefa Vinnumálastofnuninni skýrslu um niðurstöðu skoðunarinnar innan þess aðildarríkis og um heildarframkvæmd samstilltu eða sameiginlegu skoðunarinnar eigi síðar en sex mánuðum eftir að skoðuninni er lokið.

7. Það skal vera mögulegt að nota þær upplýsingar sem safnað er við samstilltar eða sameiginlegar skoðanir sem sönnunargögn í málarekstri í hlutaðeigandi aðildarríkjum, í samræmi við lög eða venjur þess aðildarríkis.

8. Upplýsingar um samstilltar og sameiginlegar skoðanir sem Vinnumálastofnunin samhæfir, sem og upplýsingar sem aðildarríki og Vinnumálastofnunin veita eins og um getur í 2. og 3. mgr. 8. gr., skulu koma fram í skýrslunum sem senda á stjórninni tvisvar á ári. Slíkar skýrslur skal einnig senda hagsmunahópnum þar sem viðkvæmar upplýsingar hafa verið afmáðar með viðeigandi hætti. Árleg skýrsla um þær skoðanir sem Vinnumálastofnunin styður skal fylgja með ársskýrslu stofnunarinnar um starfsemi hennar.

9. Ef Vinnumálastofnunin verður við samstilltar eða sameiginlegar skoðanir, eða í starfsemi sinni, vör við grunsemdir um misfellur við beitingu laga Sambandsins getur hún tilkynnt þær grunsemdir til hlutaðeigandi aðildarríkis og framkvæmdastjórnarinnar, eftir því sem við á.

*10. gr.*

#### **Greiningar og áhættumat í tengslum við hreyfanleika vinnuafis**

1. Vinnumálastofnunin skal í samstarfi við aðildarríki og, eftir því sem við á, aðila vinnumarkaðarins meta áhættu og annast greiningar að því er varðar hreyfanleika vinnuafis og samræmingu almannatrygginga innan Sambandsins. Áhættumatið og greiningarvinnan skulu fjalla um málefni eins og ójafnvægi á vinnumarkaði, geirabundnar áskoranir og endurtekin vandamál og einnig getur Vinnumálastofnunin framkvæmt markvissar og ítarlegar greiningar og athuganir til að rannsaka sértæk mál. Við framkvæmd áhættumats og greiningarvinnu sinnar skal Vinnumálastofnunin nota, að því marki sem mögulegt er, viðeigandi og gildandi tölfræðileg gögn sem eru tiltæk úr fyrirliggandi könnunum og tryggja fyllt við og byggja á sérfræðipækningu sérstofnana eða þjónustu Sambandsins og landsbundinna yfirvalda, sérstofnana eða þjónustu, þ.m.t. að því er varðar svik, misneytingu, mismunun, færnisþár og heilbrigði og öryggi á vinnustað.

2. Vinnumálastofnunin skal skipuleggja jafningjarýni meðal aðildarríkja sem samþykkja að taka þátt til að:

- a) kanna álitaefni, erfiðleika og sértæk mál sem kunna að koma upp varðandi framkvæmd og beitingu laga Sambandsins í reynd innan valdsviðs Vinnumálastofnunarinnar, sem og framfylgd þeirra í reynd,
- b) styrkja samræmi í veitingu þjónustu til einstaklinga og fyrirtækja,
- c) bæta þekkingu og gagnkvæman skilning á mismunandi kerfum og starfsvenjum, sem og meta árangur af mismunandi stefnuúræðum, þ.m.t. forvarnar- og varnaðarráðstöfunum.

3. Þegar áhættumati eða annars konar greiningarvinnu er lokið skal Vinnumálastofnunin gefa skýrslu um niðurstöður sínar til framkvæmdastjórnarinnar, sem og til hlutaðeigandi aðildarríkja beint, og gera grein fyrir mögulegum ráðstöfunum til að taka á tilgreindum veikleikum.

Vinnumálastofnunin skal einnig láta samantekt á niðurstöðum sínum fylgja ársskýrslum sínum til Evrópuþingsins og framkvæmdastjórnarinnar.

4. Vinnumálastofnunin skal, eftir því sem við á, safna tölfraðilegum gögnum sem aðildarríki taka saman og láta í té á þeim sviðum laga Sambandsins sem eru innan valdsviðs stofnunarinnar. Við það skal Vinnumálastofnunin leitast við að einfalda núverandi gagnasöfnun á þessum sviðum til að koma í veg fyrir tvíverknað við gagnasöfnun. Ákvæði 15. gr. skulu gilda þar sem við á. Vinnumálastofnunin skal hafa samráð við framkvæmdastjórnina (Hagstofu Evrópusambandsins) og deila niðurstöðum gagnasöfnunar sinnar, eftir því sem við á.

#### 11. gr.

#### Stuðningur til uppbyggingar á getu

Vinnumálastofnunin skal styðja aðildarríki við að byggja upp getu sem miðar að því að stuðla að samræmdri framfylgd laga Sambandsins á öllum sviðum sem talin eru upp í 1. gr. Vinnumálastofnunin skal einkum sinna eftirfarandi starfsemi:

- a) þróa í samstarfi við landsbundin yfirvöld og, eftir því sem við á, aðila vinnumarkaðarins sameiginlegar viðmiðunarreglur, sem ekki eru bindandi, til notkunar fyrir aðildarríki og aðila vinnumarkaðarins, þ.m.t. leiðbeiningar um skoðanir í málum sem ná yfir landamæri, sem og sameiginlegar skilgreiningar og hugtök, sem byggja á viðeigandi starfi á landsvisu og á vettvangi Sambandsins,
- b) stuðla að og styðja við gagnkvæma aðstoð, annaðhvort í formi jafningjastarfi eða hópstarfi, sem og starfsmannaskipti og tímabundnar starfstilfærslur milli landsbundinna yfirvalda,
- c) stuðla að skiptum á og miðlun reynslu og góðra starfsvenja, þ.m.t. dæma um samstarf milli viðkomandi landsbundinna yfirvalda,
- d) þróa þjálfunaráætlanir innan tiltekinnar geira og þvert á geira, þ.m.t. fyrir vinnuefirlitsstofnanir, og sérstakt efni til þjálfunar, þ.m.t. með námsaðferðum á Netinu,
- e) stuðla að herferðum til vitundarvakningar, þ.m.t. herferðum til að upplýsa einstaklinga og vinnuveitendur, einkum litil og meðalstór fyrirtæki, um réttindi þeirra og skyldur og þau tækifæri sem þeim standa til boða.

#### 12. gr.

#### Evrópskur vettvangur til að efla samstarf um að taka á svartri vinnu

1. Evrópski vettvangurinn til að efla samstarf um að taka á svartri vinnu (hér eftir nefndur „vettvangurinn“), sem komið er á fót í samræmi við 2. mgr. 16. gr., skal styðja við starfsemi Vinnumálastofnunarinnar við að taka á svartri vinnu með því að:

- a) efla samstarf milli viðkomandi yfirvalda aðildarríkja og annarra hlutaðeigandi aðila með það að markmiði að taka með skilvirkari og árangursríkari hætti á svartri vinnu í sínum ýmsu birtingarmyndum og á ranglega tilkynntri vinnu, sem henni er tengd, þ.m.t. gerviverktöku,
- b) bæta getu ólíkra hlutaðeigandi yfirvalda aðildarríkjanna og annarra aðila til að taka á svartri vinnu að því er varðar þá þætti sem ná yfir landamæri og stuðla þannig að jöfnum samkeppnisskilyrðum,
- c) auka almenningsvitund um málefni sem varða svarta vinnu og hina brýnu þörf á viðeigandi aðgerðum, sem og að hvetja aðildarríki til að leggja sig enn frekar fram við að taka á svartri vinnu,
- d) annast þá starfsemi sem talin er upp í viðaukanum.

2. Vettvangurinn skal hvetja til samstarfs milli aðildarríkja með því að:

- a) miðla bestu starfsvenjum og upplýsingum,
- b) þróa sérþekkingu og greiningu en forðast hvers konar tvíverknað,
- c) hvetja til og greiða fyrir nýstárlegum aðferðum við árangursríkt og skilvirkt samstarf yfir landamæri og leggja mat á reynslu,
- d) stuðla að þverlægum skilningi á málefnum sem varða svarta vinnu.

3. Vettvangurinn skal skipaður eftirtöldum aðilum:

- a) háttsettum fulltrúa, sem hvert aðildarríki skipar,
- b) fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar,
- c) að hámarki fjórum fulltrúum heildarsamtaka aðila vinnumarkaðarins á vettvangi Sambandsins, sem þessi samtök skipa, og skulu stéttarfélög og samtök vinnuveitenda eiga jafnmarga fulltrúa.

4. Eftirfarandi hagsmunaaðilar mega sækja fundi vettvangsins sem áheyrnarfulltrúar og taka skal tilhlýðilegt tillit til framlags þeirra:

- a) að hámarki 14 fulltrúar samtaka aðila vinnumarkaðarins í geirum þar sem tíðni svartrar vinnu er mikil, sem þessi samtök tilnefna, og skulu stéttarfélög og samtök vinnuveitenda eiga jafnmarga fulltrúa,
- b) einn fulltrúi frá Evrópustofnun um bætt lífskjör og starfsskilyrði (Eurofound), einn fulltrúi frá Evrópsku vinnuverndarstofnuninni (EU-OSHA) og einn fulltrúi frá Alþjóðavinnuálagstofnuninni (ILO),
- c) einn fulltrúi frá hverju þeirra þriðju landa sem er aðili að Evrópska efnahagssvæðinu.

Þjóða má öðrum áheyrnarfulltrúum en þeim sem um getur í fyrstu undirgrein að sækja fundi vettvangsins og skal taka tilhlýðilegt tillit til framlags þeirra.

Fulltrúi Vinnumálastofnunarinnar fer með formennsku á vettvanginum.

13. gr.

### Sáttameðferð milli aðildarríkja

1. Vinnumálastofnunin getur greitt fyrir lausn ef um er að ræða deilur milli tveggja eða fleiri aðildarríkja varðandi einstök tilvik að því er varðar beitingu laga Sambandsins á sviðum sem falla undir þessa reglugerð, með fyrirvara um valdsvið Dómstólsins. Tilgangur slíkrar sáttameðferðar skal vera að sætta mismunandi sjónarmið þeirra aðildarríkja sem eru deiluaðilar og samþykkja álit sem ekki er bindandi.
2. Ef ekki er hægt að leysa deilur með beinu sambandi og samtali milli aðildarríkja sem eru aðilar að deilunni skal Vinnumálastofnunin hefja sáttameðferð, ef eitt eða fleiri hlutaðeigandi aðildarríki fara fram á það. Vinnumálastofnunin getur einnig, að eigin frumkvæði, lagt til að sáttameðferð verði hafin. Sáttameðferð skal einungis fara fram með samþykki allra aðildarríkja sem eru aðilar að deilunni.
3. Fyrsti áfangi sáttameðferðarinnar skal fara fram milli þeirra aðildarríkja sem eru aðilar að deilunni og sáttamiðlara, sem skulu samþykkja álit sem ekki er bindandi með samkomulagi sín á milli. Sérfræðingar frá aðildarríkjunum, framkvæmdastjórninni og Vinnumálastofnuninni geta tekið þátt sem ráðgjafar í fyrsta áfanga sáttameðferðarinnar.
4. Ef engin lausn finnst í fyrsta áfanga sáttameðferðarinnar skal Vinnumálastofnunin hefja annan áfanga sáttameðferðar fyrir sáttanefnd sinni, að því tilskildu að öll aðildarríkin sem eru aðilar að deilunni komi sér saman um það.
5. Sáttanefndin sem skipuð er sérfræðingum frá aðildarríkjum, öðrum en þeim sem eru aðilar að deilunni, skulu leitast við að sætta sjónarmið þeirra aðildarríkja sem eru aðilar að deilunni og skulu koma sér saman um álit sem ekki er bindandi. Sérfræðingar frá framkvæmdastjórninni og Vinnumálastofnuninni geta tekið þátt sem ráðgjafar í öðrum áfanga sáttameðferðarinnar.
6. Stjórnin skal samþykkja málsmeðferðarreglur um sáttameðferð, þ.m.t. varðandi vinnutilhögum og tilnefningar á sáttamiðlurum, viðeigandi fresti, þátttöku sérfræðinga frá aðildarríkjunum, framkvæmdastjórninni og Vinnumálastofnuninni og mögulega þátttöku sáttanefndarinnar í umræðuhópum sem skipaðir eru nokkrum aðilum.
7. Aðildarríkjum, sem eru aðilar að deilunni, skal vera í sjálfsvald sett hvort þau taka þátt í báðum áföngum sáttameðferðarinnar. Ef aðildarríki ákveður að taka ekki þátt í sáttameðferð skal það upplýsa Vinnumálastofnunina og önnur aðildarríki sem eru aðilar að deilunni, skriflega, m.a. með rafrænum hætti, um ástæður ákvörðunar sinnar innan þess frests sem mælt er fyrir um í þeim málsmeðferðarreglum sem um getur í 6. mgr.
8. Þegar mál eru sett í sáttameðferð skulu aðildarríki tryggja að allar persónuupplýsingar sem tengjast málinu séu aftengdar persónuauðkennum þannig að ekki sé lengur unnt að persónugreina skráða aðilann. Vinnumálastofnuninni er óheimilt, hvenær sem er á meðan á sáttameðferðinni stendur, að vinna persónuupplýsingar um einstaklinga sem málið varðar.
9. Vinnumálastofnunin getur ekki tekið til sáttameðferðar mál sem eru í yfirstandandi málarekstri fyrir dómstólum á innlendum vettvangi eða á vettvangi Sambandsins. Ef málarekstur fyrir dómstóli hefst á meðan á sáttameðferð stendur skal sáttameðferð hætt.
10. Sáttameðferð skal ekki hafa áhrif á valdsvið framkvæmdaráðsins, þ.m.t. allar ákvarðanir sem það tekur. Sáttameðferð skal taka tillit til allra viðeigandi ákvarðana framkvæmdaráðsins.

11. Ef deila varðar, að öllu leyti eða að hluta til, almannatryggingar skal Vinnumálastofnunin upplýsa framkvæmdaráðið um slíkt.

Til að tryggja gott samstarf, samræma starfsemina í gagnkvæmu samkomulagi og koma í veg fyrir tvíverknað í sáttameðferðarmálum, sem varða bæði almannatryggingar og vinnulöggjöf, skulu framkvæmdaráðið og Vinnumálastofnunin gera með sér samstarfssamning.

Vinnumálastofnunin skal, að fenginni beiðni framkvæmdaráðsins og í samráði við aðildarríkin sem eiga aðild að deilunni, vísa málum sem varða almannatryggingar til framkvæmdaráðsins skv. 2. mgr. 74. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 883/2004. Sáttameðferð er áfram heimil í málum sem varða ekki almannatryggingar.

Vinnumálastofnunin skal, að fenginni beiðni aðildarríkis sem er aðili að deilunni, vísa málum sem varða almannatryggingar til framkvæmdaráðsins. Slíkt má gera hvenær sem er á meðan á sáttameðferðinni stendur. Sáttameðferð er áfram heimil í málum sem varða ekki almannatryggingar.

12. Aðildarríki sem eru aðilar að deilunni skulu, innan þriggja mánaða frá samþykkt álots sem ekki er bindandi, tilkynna Vinnumálastofnuninni um ráðstafanir sem þau hafa gert í þeim tilgangi að fylgja álitinu eftir eða, þegar þau hafa ekki gert ráðstafanir, um ástæður fyrir því að þau hafa ekki gripið til ráðstafana.

13. Vinnumálastofnunin skal gefa framkvæmdastjórninni skýrslu tvisvar á ári að því er varðar niðurstöður sáttameðferða sem hún hefur framkvæmt og um mál sem ekki var fylgt eftir.

*14. gr.*

#### **Samstarf við sérstofnanir og sérhæfða aðila**

Vinnumálastofnunin skal stefna að því í allri starfsemi sinni að tryggja samstarf, forðast skörun, stuðla að samlegðaráhrifum og fylla við aðrar sjálfstæðar sérstofnanir Sambandsins og sérhæfða aðila, eins og framkvæmdaráðið. Í því skyni er Vinnumálastofnuninni heimilt að gera samstarfssamninga við viðeigandi sérstofnanir Sambandsins, s.s. Evrópumíðstöð fyrir þróun starfsmenntunar (Cedefop), Evrópustofnun um bætt lífskjör og starfsskilyrði (Eurofound), Evrópsku vinnuverndarstofnunina (EU-OSHA), Starfsmenntunarstofnun Evrópu (ETF), Löggæslusamvinnustofnun Evrópusambandsins (Europol) og Refsivörslusamvinnustofnun Evrópusambandsins (Eurojust).

*15. gr.*

#### **Samvirkni og upplýsingaskipti**

Vinnumálastofnunin skal samræma, þróa og beita umgjörð fyrir samvirkni til að tryggja upplýsingaskipti milli aðildarríkjanna sem og við stofnunina. Umgjörð fyrir samvirkni af þessu tagi skal byggð á og studd af evrópskri umgjörð samvirkni og evrópsku viðmiðunartilhöguninni fyrir samvirkni sem um getur í ákvörðun (ESB) 2015/2240.

III KAFLI

#### **SKIPULAG VINNUMÁLASTOFNUNARINNAR**

*16. gr.*

#### **Skípulag stjórnsýslu og stjórnunarfyrrkomulag**

1. Stjórnsýsluskipulag og stjórnunarfyrrkomulag Vinnumálastofnunarinnar skal samanstanda af:
  - a) stjórn,
  - b) framkvæmdastjóra,
  - c) hagsmunahópi.

2. Vinnumálastofnuninni er heimilt að koma á fót starfshópum eða sérfræðinefndum, skipuðum fulltrúum aðildarríkja eða framkvæmdastjórnarinnar, eða utanaðkomandi sérfræðingum í kjölfar valferlis, eða samblandi af þessu, til að vinna að sérstökum verkefnum hennar eða sértækum málaflokkum. Hún skal koma vettvanginum, sem um getur í 12. gr., á fót sem varanlegum vinnuhópi, sem og sáttanefndinni sem um getur í 13. gr.

Vinnumálastofnunin skal setja fram starfsreglur þessara starfshópa og nefnda að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina.

17. gr.

### Skipan stjórnar

1. Stjórnina skipa eftirtaldir aðilar:

- a) einn fulltrúi frá hverju aðildarríki,
- b) tveir fulltrúar framkvæmdastjórnarinnar,
- c) einn óháður sérfræðingur sem Evrópuþingið skipar,
- d) fjórir fulltrúar heildarsamtaka aðila vinnumarkaðarins á vettvangi Sambandsins og skulu stéttarfélög og samtök vinnuveitenda eiga jafnmarga fulltrúa.

Aðeins fulltrúarnir, sem um getur í a- og b-lið fyrstu undirgreinar, skulu hafa atkvæðisrétt.

2. Hver stjórnarmaður skal hafa varamann. Varamennirnir skulu koma í stað stjórnarmanna í fjarveru þeirra.

3. Þeir fulltrúar sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. og varamenn þeirra skulu skipaðir af aðildarríki þeirra.

Framkvæmdastjórnin skal skipa fulltrúana sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr.

Evrópuþingið skal skipa sérfræðinginn sem um getur í c-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr.

Heildarsamtök aðila vinnumarkaðarins á vettvangi Sambandsins skulu skipa fulltrúa sína og Evrópuþingið skal skipa óháðan sérfræðing sinn, eftir að hafa gengið úr skugga um að engir hagsmunaárekstrar séu til staðar.

Stjórnarmenn og varamenn þeirra skal skipa á grundvelli þekkingar þeirra á þeim sviðum sem um getur í 1. gr., með tilliti til viðeigandi stjórnumarfærni og hæfni á sviði stjórnsýslu og fjárhagsáætlunargerðar.

Allir aðilar sem eiga fulltrúa í stjórninni skulu leitast við að takmarka skipti á fulltrúum til að tryggja samfellu í starfi hennar. Allir aðilar skulu leitast við að ná jöfnu hlutfalli karla og kvenna í stjórninni.

4. Sérhver stjórnarmaður og varamaður skal undirrita skriflega yfirlýsingu þegar hann tekur sæti í stjórninni, þess efnis að hann sé ekki í aðstöðu sem veldur hagsmunaárekstri. Sérhver stjórnarmaður og varamaður skal uppfæra yfirlýsingu sína ef breyting verður á aðstæðum hans að því er varðar hvers kyns hagsmunaárekstra. Stofnunin skal birta yfirlýsingarnar og uppfærslur þeirra á vefsetri sínu.

5. Skipunartími stjórnarmanna og varamanna þeirra skal vera fjögur ár. Heimilt skal vera að endurnýja skipunartímann.
6. Fulltrúum þriðju landa sem beita lögum Sambandsins á sviðum sem falla undir þessa reglugerð er heimil þátttaka í fundum og umræðum stjórnarinnar sem áheyrnarfulltrúar.
7. Heimilt er að bjóða fulltrúa Evrópustofnunar um bætt lífskjör og starfsskilyrði, fulltrúa Evrópsku vinnuverndarstofnunarinnar, fulltrúa Evrópumíðstöðvarinnar fyrir þróun starfsmenntunar og fulltrúa Starfsmenntunarstofnunar Evrópu að sitja fundi stjórnarinnar sem áheyrnarfulltrúar til þess að efla skilvirkni stofnananna og samvirkni milli þeirra.

18. gr.

#### Hlutverk stjórnar

1. Stjórnin skal einkum:
  - a) sjá um stefnumótun og hafa eftirlit með starfsemi Vinnumálastofnunarinnar,
  - b) samþykkja, með meirihluta sem nemur tveimur þriðju hlutum atkvæða atkvæðisbærra stjórnarmanna, árlega fjárhagsáætlun Vinnumálastofnunarinnar og sinna öðrum störfum í tengslum við fjárhagsáætlun stofnunarinnar skv. IV. kafla,
  - c) meta og samþykkja samstæðuársskýrslu um starfsemi Vinnumálastofnunarinnar, þ.m.t. yfirlit yfir hvernig hún sinnti verkefnum sínum, og senda hana, eigi síðar en 1. júlí ár hvert, til Evrópuþingsins, ráðsins, framkvæmdastjórnarinnar og Endurskoðunarráttarins og birta hana,
  - d) samþykkja fjárhagsreglur sem gilda um Vinnumálastofnunina í samræmi við 29. gr.,
  - e) samþykkja áætlun sem beinist gegn svikum og er í réttu hlutfalli við hættu á svikum með tilliti til kostnaðar og ábata af ráðstöfununum sem hrundið verður í framkvæmd,
  - f) samþykkja reglur til forvarna gegn og stýringar á hagsmunaárekstrum að því er varðar eigin stjórnarmenn og óháða sérfræðinga, sem og meðlimi hagsmunahópsins og starfshópa og nefnda Vinnumálastofnunarinnar sem um getur í 2. mgr. 16. gr., ásamt landssérfræðingum sem lánaðir eru til starfa og öðru starfslíði sem ekki er ráðið af Vinnumálastofnuninni eins og um getur í 33. gr., og skal birta árlega hagsmunayfirlýsingar stjórnarmanna á vefsetri stofnunarinnar,
  - g) samþykkja og uppfæra reglulega samskipta- og miðlunaráætlanirnar, sem um getur í 3. mgr. 36. gr., á grundvelli þarfagreiningar,
  - h) setja sér starfsreglur,
  - i) samþykkja málsmeðferðarreglur um sáttameðferð skv. 13. gr.,
  - j) koma á fót starfshópum og sérfræðinganefndum skv. 2. mgr. 16. gr. og samþykkja starfsreglur þeirra,
  - k) beita, í samræmi við 2. mgr., að því er varðar starfsfólk Vinnumálastofnunarinnar, heimildum sem starfsmannareglurnar hafa falið tilnefningaryfirvaldinu og sem ráðningarskilmálar fela yfirvaldinu sem hefur heimild til að gera ráðningar-samning („heimildir tilnefningaryfirvaldsins“),

- l) samþykkja framkvæmdarreglur um framkvæmd starfsmannareglanna og ráðningarskilmálanna í samræmi við 110. gr. starfsmannareglanna,
- m) koma á fót, eftir því sem við á, getu til innri endurskoðunar,
- n) skipa og, ef við á, framlengja skipunartíma framkvæmdastjóra eða víkja honum úr embætti, í samræmi við 31. gr.,
- o) tilnefna þann sem annast bókhaldsstjórn, með fyrirvara um starfsmannareglur og ráðningarskilmálanna, og skal hann vera algerlega óháður öðrum aðilum við framkvæmd skyldustarfa sinna,
- p) ákvarða verklagsreglur við val fulltrúa og varamanna þeirra í hagsmunahópnum sem komið var á fót í samræmi við 23. gr. og skipa þessa fulltrúa og varamenn,
- q) tryggja fullnægjandi eftirfylgni við niðurstöður og tilmæli sem leiða af innri eða ytri endurskoðunarskýrslum og matsgerðum, og af rannsóknnum Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum (OLAF),
- r) taka allar ákvarðanir um að koma á fót innri nefndum Vinnuálastofnunarinnar eða öðrum aðilum og, ef nauðsyn krefur, um breytingar á þeim, með tilliti til þarfa stofnunarinnar sem tengjast starfsemi hennar og með hliðsjón af traustri fjárhagslegri stjórnun,
- s) samþykkja drög Vinnuálastofnunarinnar að samræmda áætlunarskjalinu, sem um getur í 24. gr., áður en það er sent framkvæmdastjórninni til að fá álit hennar,
- t) samþykkja, að fengnu álit framkvæmdastjórnarinnar, samræmt áætlunarskjal Vinnuálastofnunarinnar með meirihluta sem nemur tveimur þriðju hlutum atkvæða atkvæðisbærra stjórnarmanna og í samræmi við 24. gr.

2. Stjórnin skal samþykkja, í samræmi við 110. gr. í starfsmannareglunum, ákvörðun, sem byggist á 1. mgr. 2. gr. starfsmannareglanna og 6. gr. ráðningarskilmálanna, um að framselja viðeigandi valdheimildir tilnefningaryfirvaldsins til framkvæmdastjórans og þar sem kveðið er á um með hvaða skilyrðum fella má þetta framsal valds niður. Framkvæmdastjóranum skal vera heimilt að framselja áfram þessar valdheimildir.

3. Ef sérstakar aðstæður krefjast þess er stjórninni heimilt að að fella tímabundið úr gildi, með ákvörðun, framsal á valdheimildum tilnefningaryfirvaldsins til framkvæmdastjórans og frekara framsal hins síðarnefnda og beita þeim sjálf eða framselja þær einum stjórnarmanni sínum eða starfsmanni öðrum en framkvæmdastjóranum.

*19. gr.*

#### **Formaður stjórnar**

1. Stjórnin skal kjósa formann og varaformann úr röðum stjórnarmanna sem hafa atkvæðisrétt og skal leitast við að halda jöfnu kynjahlutfalli. Formaðurinn og varaformaðurinn skulu kosnir með meirihluta sem nemur tveimur þriðju hlutum atkvæða allra atkvæðisbærra stjórnarmanna.

Náist ekki meirihluti í fyrstu atkvæðisgreiðslu sem nemur tveimur þriðju hlutum atkvæðisbærra stjórnarmanna skal halda aðra atkvæðagreiðslu þar sem formaðurinn og varaformaðurinn skulu kosnir með einföldum meirihluta atkvæða allra atkvæðisbærra stjórnarmanna.

Varaformaður skal sjálfkrafa koma í stað formanns í forföllum hans.

2. Skipunartími formannsins og varaformannsins skal vera þrjú ár. Heimilt er að endurnýja skipunartíma þeirra einu sinni. Ef stjórnarsetu þeirra lýkur meðan á skipunartíma þeirra stendur skal skipunartíma þeirra þó ljúka sjálfkrafa á þeim degi.

20. gr.

#### Stjórnarfundir

1. Stjórnarformaðurinn skal boða til stjórnarfunda.
2. Stjórnarformaðurinn skal skipuleggja umræður í samræmi við þau mál sem eru á dagskrá. Þeir stjórnarmenn sem um getur í c- og d-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 17. gr. skulu ekki taka þátt í umræðum um þætti sem varða viðkvæmar upplýsingar um einstök mál eins og fram kemur í starfsreglum stjórnarinnar.
3. Framkvæmdastjóri Vinnuálastofnunarinnar skal taka þátt í umræðunum, án atkvæðisréttar.
4. Stjórnin skal halda minnst tvo almenna fundi á ári. Auk þess kemur stjórnin saman að beiðni formanns, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar eða að beiðni a.m.k. þriðjungs stjórnarmanna.
5. Stjórnin skal koma saman til fundar með hagsmunahópnum eigi sjaldnar en einu sinni á ári.
6. Stjórnin getur boðið hverjum þeim einstaklingi eða stofnun sem kann að hafa áhugaverð sjónarmið að sitja fundi sína sem áheyrnarfulltrúar, m.a. meðlimum hagsmunahópsins.
7. Stjórnarmönnum og varamönnum þeirra er heimilt, með fyrirvara um starfsreglur stjórnarinnar, að njóta aðstoðar ráðgjafa eða sérfræðinga á fundum.
8. Vinnuálastofnunin skal annast skrifstofuhald fyrir stjórnina.

21. gr.

#### Reglur um atkvæðagreiðslu stjórnar

1. Stjórnin skal taka ákvarðanir með meirihluta atkvæða atkvæðisbærra stjórnarmanna, sbr. þó 18. gr. (b- og t-liður 1. mgr.), 19. gr. (1. mgr.) og 31. gr. (8. mgr.).
2. Hver atkvæðisbær stjórnarmaður skal fara með eitt atkvæði. Í fjarveru atkvæðisbærs stjórnarmanns skal varamaður hans fara með atkvæðisrétt hans.
3. Framkvæmdastjóri Vinnuálastofnunarinnar skal taka þátt í umræðunum, án atkvæðisréttar.
4. Í starfsreglum stjórnarinnar skal kveða nánar á um fyrirkomulag atkvæðagreiðslu, einkum við hvaða aðstæður stjórnarmaður má koma fram fyrir hönd annars stjórnarmanns og við hvaða aðstæður atkvæðagreiðsla skal vera skrifleg.

22. gr.

#### Ábyrgð framkvæmdastjóra

1. Framkvæmdastjórinn skal bera ábyrgð á stjórnun Vinnuálastofnunarinnar og skal leitast við að tryggja jafnt kynjahlutfall innan hennar. Framkvæmdastjórinn skal bera ábyrgð gagnvart stjórninni.
2. Framkvæmdastjórinn skal gefa Evrópuþinginu skýrslu um framkvæmd skyldustarfa sinna þegar hann er beðinn um að gera það. Ráðið getur beðið framkvæmdastjórnann að skýra frá störfum sínum.

3. Framkvæmdastjórinn er lagalegur fyrirvarsmaður stofnunarinnar.
4. Framkvæmdastjórinn skal bera ábyrgð á framkvæmd verkefna sem Vinnumálastofnuninni eru falin samkvæmt þessari reglugerð, einkum:
  - a) daglegum rekstri stofnunarinnar,
  - b) að framkvæma ákvarðanir sem stjórnin samþykkir,
  - c) að taka saman drög að samræmda áætlunarskjalinu og leggja það fyrir stjórnina til samþykktar,
  - d) að sjá um framkvæmd samræmda áætlunarskjalsins og skýrslugjöf til stjórnar um framkvæmd þess,
  - e) að taka saman drög að samstæðuársskýrslunni um starfsemi Vinnumálastofnunarinnar og leggja þau fyrir stjórnina til mats og samþykktar,
  - f) að semja aðgerðaáætlun til að fylgja eftir niðurstöðum innri eða ytri endurskoðunarskýrsla og matsgerða, og enn fremur rannsóknnum Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum (OLAF) og senda framvinduskýrslu til framkvæmdastjórnarinnar tvisvar á ári og reglulega til stjórnarinnar,
  - g) að vernda fjárhagslega hagsmuni Sambandsins með því að beita aðgerðum til að fyrirbyggja svik, spillingu og hvers konar annað ólöglegt athæfi, án þess að skerða rannsóknarheimildir Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum, með skilvirkni eftirliti og ef í ljós koma misfellur, með því að endurheimta fjárhæðir sem hafa verið ranglega greiddar og, eftir því sem við á, með stjórnsýslulegum viðurlögum, þ.m.t. fjárhagslegum viðurlögum, sem eru skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og hafa varnaðaráhrif,
  - h) að semja áætlun um aðgerðir gegn svikum fyrir Vinnumálastofnunina og leggja hana fyrir stjórnina til samþykktar,
  - i) að semja drög að fjárhagsreglum fyrir Vinnumálastofnunina og leggja þau fyrir stjórnina,
  - j) að taka saman drög að áætlun um tekjur og gjöld Vinnumálastofnunarinnar, sem hluta af samræmdu áætlunarskjali hennar, og að framkvæma fjárhagsáætlun stofnunarinnar,
  - k) ákvarðanatöku að því er varðar mannaússtjórnun, í samræmi við ákvörðunina sem um getur í 2. mgr. 18. gr.,
  - l) að taka ákvarðanir um innra skipulag Vinnumálastofnunarinnar, þ.m.t., ef nauðsyn krefur, fela staðgenglum verkefni sem kunna að taka til daglegrar stjórnunar hennar og gera breytingar á þeim ef nauðsyn krefur, að teknu tilliti til þarfa sem varða starfsemi Vinnumálastofnunarinnar og til traustrar fjárhagslegrar stjórnunar,
  - m) þar sem við á, samstarfi við sérstofnanir Sambandsins og því að gera samstarfssamninga við þær,
  - n) að hrinda í framkvæmd ráðstöfunum sem stjórnin kemur á fót vegna beitingar Vinnumálastofnunarinnar á reglugerð (ESB) nr. 2018/1725,
  - o) að upplýsa stjórnina um tilkynningar frá hagsmunahópnum.

5. Framkvæmdastjórinn skal ákveða hvort nauðsynlegt sé að staðsetja einn eða fleiri starfsmenn í einu eða fleiri aðildarríkjum og hvort nauðsynlegt sé að koma á fót tengiskrifstofu í Brussel til að efla samstarf Vinnuálastofnunarinnar við viðeigandi stofnanir og aðila Sambandsins. Áður en ákvörðun er tekin um að koma á fót staðarskrifstofu eða tengiskrifstofu skal framkvæmdastjórinn fá fyrirframsamþykki framkvæmdastjórnarinnar, stjórnarinnar og aðildarríkisins þar sem áætlað er að skrifstofunni verði komið á fót. Í ákvörðuninni skal tilgreina umfang þeirrar starfsemi sem mun fara fram á skrifstofunni þannig að forðast megi óþarfa kostnað og tvíverknað í stjórnsýslu Vinnuálastofnunarinnar. Þess má krefjast að gerður verði samningur um höfuðstöðvar við aðildarríkið þar sem áætlað er að staðarskrifstofunni eða tengiskrifstofunni verði komið á fót.

23. gr.

### Hagsmunahópur

1. Koma skal á fót hagsmunahópi til að greiða fyrir samráði við viðkomandi hagsmunaaðila og njóta sérfræðiþekkingar þeirra á sviðum sem falla undir þessa reglugerð. Hagsmunahópurinn skal vera tengdur Vinnuálastofnuninni og gegna ráðgefandi hlutverki.

2. Hagsmunahópurinn skal fá kynningu fyrir fram og honum er heimilt, að fenginni beiðni Vinnuálastofnunarinnar eða að eigin frumkvæði, að senda stofnuninni álit sitt varðandi:

a) málefni sem tengjast beitingu og framfylgd á lögum Sambandsins á þeim sviðum sem falla undir þessa reglugerð, þ.m.t. varðandi greiningu og áhættumat í tengslum við hreyfanleika vinnuafis yfir landamæri, eins og um getur í 10. gr.,

b) drögin að samstæðuárrsskýrslunni um starfsemi Vinnuálastofnunarinnar sem um getur í 18. gr.,

c) drögin að samræmdu áætlunarskjali sem um getur í 24. gr.

3. Hagsmunahópurinn skal starfa undir stjórn framkvæmdastjórans og koma saman eigi sjaldnar en tvisvar á ári að frumkvæði framkvæmdastjórans eða að beiðni framkvæmdastjórnarinnar.

4. Hagsmunahópurinn skal vera skipaður tveimur fulltrúum framkvæmdastjórnarinnar og tíu fulltrúum aðila vinnumarkaðarins á vettvangi Sambandsins þar sem stéttarfélög og samtök vinnuveitenda eiga jafnmarga fulltrúa, þ.m.t. viðurkenndir aðilar vinnumarkaðarins í Sambandinu í tilteknum geirum sem eru fulltrúar atvinnugreina sem láta málefni hreyfanleika vinnuafis sig varða sérstaklega.

5. Stjórnin skal skipa í hagsmunahópinn þá fulltrúa og varamenn sem samtök þeirra hafa tilnefnt. Stjórnin skal skipa varamennina í samræmi við sömu skilyrði og aðra fulltrúa og skulu þeir taka sæti fjarverandi fulltrúa sjálfvirkt. Eftir því sem mögulegt er skal ná viðeigandi kynjahlutfalli og fullnægjandi fyrirsvari lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

6. Vinnuálastofnunin skal annast skrifstofuhald fyrir hagsmunahópinn. Hagsmunahópurinn skal samþykkja starfsreglur sínar með meirihluta sem nemur tveimur þriðju hlutum atkvæða atkvæðisbærra fulltrúa. Starfsreglurnar skulu háðar samþykki stjórnarinnar.

7. Hagsmunahópurinn getur boðið sérfræðingum eða fulltrúum viðeigandi alþjóðastofnana að sitja fundi sína.

8. Vinnumálastofnunin skal birta opinberlega álit, ráðgjöf og tilmæli hagsmunahópsins og niðurstöður samráðs við hann nema þegar trúnaðarkvaðir eiga við.

#### IV. KAFLI

### GERÐ OG EFNISSKIPAN FJÁRHAGSÁÆTLUNAR VINNUMÁLASTOFNUNARINNAR

#### 1. ÞÁTTUR

#### *Samræmt áætlunarskjal Vinnumálastofnunarinnar*

#### 24. gr.

#### **Ársáætlun og áætlanir til margra ára**

1. Ár hvert skal framkvæmdastjórinn semja drög að samræmdu áætlunarskjali sem einkum inniheldur áætlun til margra ára og ársáætlun í samræmi við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1271/2013<sup>(28)</sup>, að teknu tilliti til leiðbeininga framkvæmdastjórnarinnar og hvers kyns ráðgjafar hagsmunahópsins.

2. Fyrir 30. nóvember ár hvert skal stjórnin samþykkja drögin að samræmda áætlunarskjalinu sem um getur í 1. mgr. Hún skal senda þau og uppfærðar útgáfur þeirra til Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar eigi síðar en 31. janúar næsta árs.

Samræmda áætlunarskjalið skal verða endanlegt í framhaldi af lokasamþykkt fjárlaga Sambandsins og skal breyta því til samræmis við þau, ef nauðsyn krefur.

3. Í árlegu vinnuáætluninni skal setja fram ítarleg markmið og væntar niðurstöður, þ.m.t. frammistöðuvísa. Hún skal einnig innihalda lýsingu á þeim aðgerðum sem á að fjármagna og upplýsingar um fjármagn og mannafla sem úthlutað er til hvernar aðgerðar. Árlega vinnuáætlunin skal vera í samræmi við vinnuáætlunina til margra ára sem um getur í 4. mgr. Þar skal koma skýrt fram hvaða verkefnum hefur verið bætt við, breytt eða eytt samanborið við næstliðið fjárhagsár. Stjórnin skal breyta samþykktri árlegri vinnuáætlun þegar Vinnumálastofnuninni er falið nýtt verkefni innan gildissviðs þessarar reglugerðar.

Hvers konar verulegar breytingar á árlegu vinnuáætluninni skulu samþykktar með sömu aðferð og gildir um samþykkt upphaflegu árlegu vinnuáætlunarinnar. Stjórninni er heimilt að framselja framkvæmdastjóranum vald til að gera óverulegar breytingar á árlegu vinnuáætluninni.

4. Í vinnuáætluninni til margra ára skal setja fram heildarskipulagsáætlun, þ.m.t. markmið, væntar niðurstöður og frammistöðuvísa. Þar skal einnig koma fram, fyrir hverja aðgerð, það leiðbeinandi fjármagn og mannafla sem talið er nauðsynlegt til að ná settum markmiðum.

Skipulagsáætlunin skal uppfærð, eftir því sem við á, einkum til að bregðast við niðurstöðunum úr matinu sem um getur í 40. gr.

#### 25. gr.

#### **Gerð fjárhagsáætlunar**

1. Ár hvert skal framkvæmdastjórinn setja saman drög að bráðabirgðaáætlun um tekjur og gjöld Vinnumálastofnunarinnar fyrir komandi fjárhagsár, þ.m.t. yfirlit um stöðugildi, og senda til stjórnarinnar.

2. Þessi drög að bráðabirgðaáætlun skulu byggð á markmiðum og væntum niðurstöðum árlega áætlunarskjalsins, sem um getur í 3. mgr. 24. gr., og taka tillit til þess fjármagns sem þarf til að ná þessum markmiðum og væntu niðurstöðum, í samræmi við meginregluna um árangurstengda fjárlagagerð.

<sup>(28)</sup> Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1271/2013 frá 30. september 2013 um fjárhagslega rammareglugerð fyrir þá aðila sem um getur í 208. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 966/2012 (Stjtúð. ESB L 328, 7.12.2013, bls. 42).

3. Stjórnin skal samþykkja, á grundvelli draganna að bráðabirgðaáætluninni, drög að áætlun um tekjur Vinnuálastofnunarinnar fyrir komandi fjárhagsár og senda þau til framkvæmdastjórnarinnar eigi síðar en 31. janúar ár hvert.
4. Framkvæmdastjórn ESB skal senda fjárveitingavaldinu drögin að áætluninni ásamt drögum að fjárlögum Sambandsins. Drögin að áætluninni skulu einnig gerð aðgengileg Vinnuálastofnuninni.
5. Á grundvelli draganna að áætluninni skal framkvæmdastjórnin fella inn í drögin að fjárlögum Sambandsins þá þætti fjárhagsáætlunarinnar sem hún telur nauðsynlega með hliðsjón af yfirlitinu um stöðugildi og það framlag sem láta skal í té af fjárlögum og leggja þau fyrir fjárveitingavaldið í samræmi við 313. og 314. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.
6. Fjárveitingavaldið skal heimila fjárveitingar vegna framlags af fjárlögum Sambandsins til Vinnuálastofnunarinnar.
7. Fjárveitingavaldið skal samþykkja yfirlit um stöðugildi fyrir Vinnuálastofnunina.
8. Stjórnin skal samþykkja fjárhagsáætlun Vinnuálastofnunarinnar. Hún skal verða endanleg í framhaldi af lokasamþykkt fjárlaga Sambandsins og skal breyta henni til samræmis við þau ef nauðsyn krefur.
9. Framseld reglugerð (ESB) nr. 1271/2013 gildir um hver þau byggingarverkefni sem líklegt er að leiði til mikils kostnaðar á fjárhagsáætlun Vinnuálastofnunarinnar.

## 2. ÞÁTTUR

### *Framsetning og framkvæmd fjárhagsáætlunar Vinnuálastofnunarinnar og eftirlit með henni*

#### 26. gr.

#### **Efnisskipan fjárhagsáætlunarinnar**

1. Gera skal áætlun um allar tekjur og öll gjöld Vinnuálastofnunarinnar fyrir hvert fjárhagsár og gera grein fyrir henni í fjárhagsáætlun stofnunarinnar. Fjárhagsárið skal samsvara almanaksárinu.
2. Jafnvægi skal vera milli tekna og útgjalda í fjárhagsáætlun stofnunarinnar.
3. Tekjur Vinnuálastofnunarinnar skulu, með fyrirvara um önnur tilföng, samanstanda af:
  - a) framlagi frá Sambandinu sem fært er í fjárlög Sambandsins,
  - b) frjálsum fjárframlögum frá aðildarríkjunum,
  - c) framlögum frá þriðju löndum sem taka þátt í starfi Vinnuálastofnunarinnar, eins og kveðið er á um í 42. gr.,
  - d) mögulegri fjármögnun frá Sambandinu í formi framsalssamninga eða sérstakra fjárstyrkja í samræmi við fjárhagsreglur Vinnuálastofnunarinnar sem um getur í 29. gr. og ákvæði viðeigandi gerninga sem styðja við stefnur Sambandsins,
  - e) innheimtum gjöldum fyrir útgefið efni og aðra þjónustu sem Vinnuálastofnunin veitir.

4. Til útgjalda Vinnuálastofnunarinnar skal telja launagreiðslur starfsmanna, stjórnsýslu- og skipulagskostnað og rekstrarútgjöld.

27. gr.

#### **Framkvæmd fjárhagsáætlunar**

1. Framkvæmdastjórinn sér um framkvæmd fjárhagsáætlunar Vinnuálastofnunarinnar.
2. Ár hvert skal framkvæmdastjórinn senda fjárveitingavaldinu allar upplýsingar sem varða matsniðurstöður.

28. gr.

#### **Framlagning og staðfesting reikninga**

1. Sá sem annast bókhaldsstjórn hjá Vinnuálastofnuninni skal senda þeim sem annast bókhaldsstjórn hjá framkvæmdastjórn ESB og Endurskoðunarréttinum bráðabirgðareikningsskil fyrir fjárhagsárið (ár N) eigi síðar en 1. mars næsta fjárhagsárs (ár N + 1).
2. Sá sem annast bókhaldsstjórn hjá Vinnuálastofnuninni skal einnig veita þeim sem annast bókhaldsstjórn hjá framkvæmdastjórn ESB umbeðin reikningsskilagögn vegna samstæðureikningsskilanna, á þann hátt og á því formi sem hin síðarnefnda krefst, eigi síðar en 1. mars ársins N + 1.
3. Vinnuálastofnunin skal senda skýrslu um stjórn fjárhagsáætlunar og fjármála á árinu N til Evrópuþingsins, ráðsins, framkvæmdastjórnar ESB og Endurskoðunarréttarins eigi síðar en 31. mars ársins N + 1.
4. Þegar framkvæmdastjóra Vinnuálastofnunarinnar berast athugasemdir Endurskoðunarréttarins við bráðabirgðareikningsskil stofnunarinnar fyrir árið N skal sá sem annast bókhaldsstjórn hjá Vinnuálastofnuninni ganga frá endanlegum reikningsskilum stofnunarinnar á eigin ábyrgð. Framkvæmdastjórinn skal leggja þau fyrir stjórnina til umsagnar.
5. Stjórnin skal skila álitum um endanleg reikningsskil Vinnuálastofnunarinnar fyrir árið N.
6. Sá sem annast bókhaldsstjórn hjá Vinnuálastofnuninni skal, eigi síðar en 1. júlí ársins N + 1, senda endanleg reikningsskil fyrir árið N til Evrópuþingsins, ráðsins, framkvæmdastjórnar ESB og Endurskoðunarréttarins ásamt álitum stjórnarinnar.
7. Birta skal vefslóð á síður vefsetursins þar sem endanleg reikningsskil Vinnuálastofnunarinnar eru birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eigi síðar en 15. nóvember ársins N + 1.
8. Framkvæmdastjórinn skal senda Endurskoðunarréttinum, eigi síðar en 30. september ársins N + 1, svar við þeim athugasemdum sem settar voru fram í ársskýrslunni. Framkvæmdastjórinn skal einnig senda svarið til stjórnarinnar og framkvæmdastjórnarinnar.
9. Fari Evrópuþingið þess á leit skal framkvæmdastjórinn láta því í té allar upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að greiðlega gangi að beita verklagsreglum við staðfestingu reikninga ársins N, í samræmi við 3. mgr. 261. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) 2018/1046 <sup>(29)</sup>.
10. Að fengnum tilmælum frá ráðinu, sem tekur ákvörðun með auknum meirihluta, skal Evrópuþingið, fyrir 15. maí ársins N + 2, leysa framkvæmdastjórnann undan ábyrgð á framkvæmd fjárhagsáætlunarinnar fyrir árið N.

<sup>(29)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) 2018/1046 frá 18. júlí 2018 um fjárhagsreglur sem gilda um fjárlög Sambandsins, breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1296/2013, (ESB) nr. 1301/2013, (ESB) nr. 1303/2013, (ESB) nr. 1304/2013, (ESB) nr. 1309/2013, (ESB) nr. 1316/2013, (ESB) nr. 223/2014, (ESB) nr. 283/2014, og ákvörðun nr. 541/2014/ESB og niðurfellingu reglugerðar (ESB, KBE) nr. 966/2012 (Stjtið. ESB L 193, 30.7.2018, bls. 1).

29. gr.

### **Fjárhagsreglur**

Stjórnin skal samþykkja fjárhagsreglur fyrir stofnunina að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina. Þær mega ekki víkja frá framseldri reglugerð (ESB) nr. 1271/2013 nema sérstök þörf sé á slíku frávik vegna reksturs Vinnumálastofnunarinnar og framkvæmdastjórnin hafi áður veitt samþykki sitt.

V. KAFLI

### **STARFSFÓLK**

30. gr.

### **Almennt ákvæði**

Starfsmannareglurnar og ráðningarskilmálarnir og reglur, sem stofnanir Evrópusambandsins hafa samþykkt til að koma í framkvæmd þessum starfsreglum og ráðningarskilmálum, gilda um starfsfólk Vinnumálastofnunarinnar.

31. gr.

### **Framkvæmdastjóri**

1. Framkvæmdastjórinn skal ráðinn tímabundið til Vinnumálastofnunarinnar skv. a-lið 2. gr. ráðningarskilmálanna.
2. Stjórnin skal skipa framkvæmdastjórnann af skrá yfir umsækjendur sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins gerir tillögu um eftir opið og gagnsætt valferli. Umsækjandanum, sem valinn er, skal boðið að gefa yfirlýsingu frammi fyrir Evrópuþinginu og svara spurningum þingmanna. Þau skoðanaskipti skulu ekki valda ótilhlýðilegum tögum á skipun framkvæmdastjórans.
3. Formaður stjórnar skal gera samning við framkvæmdastjórnann fyrir hönd Vinnumálastofnunarinnar.
4. Skipunartími framkvæmdastjóra skal vera fimm ár. Fyrir lok þess tímabils skal framkvæmdastjórn ESB framkvæma mat þar sem metin er frammistaða framkvæmdastjórans og framtíðarverkefni og -áskoranir Vinnumálastofnunarinnar.
5. Stjórnin getur, með hliðsjón af matinu sem um getur í 4. mgr., framlengt skipunartíma framkvæmdastjóra í eitt skipti um allt að fimm ár.
6. Framkvæmdastjóri, sem fengið hefur framlengingu á skipunartíma skv. 5. gr., má ekki taka þátt í öðru valferli fyrir sömu stöðu við lok heildartímabilsins.
7. Einungis má víkja framkvæmdastjórnnum úr starfi með ákvörðun stjórnar. Við þá ákvörðun sína skal stjórnin taka tillit til mats framkvæmdastjórnar ESB á frammistöðu framkvæmdastjórans sem um getur í 4. mgr.
8. Stjórnin skal taka ákvarðanir um skipun framkvæmdastjóra, framlengingu á skipunartíma hans eða brottvikningu hans úr starfi á grundvelli meirihluta sem nemur tveimur þriðju hlutum atkvæða atkvæðisbærra stjórnarmanna.

32. gr.

#### Landsbundnir tengifulltrúar

1. Hvert aðildarríki skal tilnefna einn landsbundinn tengifulltrúa sem landssérfræðing sem lánaður er til starfa hjá Vinnumálastofnuninni og til starfa í aðsetri hennar, skv. 33. gr.
2. Landsbundnir tengifulltrúar skulu leggja sitt af mörkum við framkvæmd á verkefnum Vinnumálastofnunarinnar, þ.m.t. með því að greiða fyrir samstarfi og upplýsingaskiptum sem um getur í 7. gr. og með því að styðja við og samræma þær skoðanir sem um getur í 8. gr. Þeir skulu einnig vera landsbundnir tengiliðir varðandi spurningar frá og varðandi aðildarríki sín, annaðhvort með því að svara þeim spurningum beint eða með því að vera í sambandi við landsbundin stjórnvöld sín.
3. Landsbundnum tengifulltrúum skal heimilt að óska eftir og taka við öllum viðeigandi upplýsingum frá aðildarríkjum sínum, eins og kveðið er á um í þessari reglugerð, en virða jafnframt landslög eða venjur í aðildarríki sínu að fullu, einkum að því er varðar persónuvernd og reglur um trúnaðarkvaðir.

33. gr.

#### Landssérfræðingar sem lánaðir eru til starfa og annað starfsfólk

1. Til viðbótar við landsbundnu tengifulltrúana er Vinnumálastofnuninni heimilt að njóta liðsinnis annarra landssérfræðinga sem lánaðir eru til starfa eða annars starfsfólks sem ekki starfar hjá stofnuninni, á öllum starfssviðum þess.
2. Stjórnin skal samþykkja ákvörðun þar sem mælt er fyrir um reglur um lán á innlendum sérfræðingum til starfa hjá stofnuninni tímabundið, þ.m.t. á landsbundnum tengifulltrúum.

#### VI. KAFLI

#### ALMENN ÁKVÆÐI OG LOKAÁKVÆÐI

34. gr.

#### Sérréttindi og friðhelgi

Bókun 7 um sérréttindi og friðhelgi Evrópusambandsins gildir um Vinnumálastofnunina og starfsfólk hennar.

35. gr.

#### Tungumálanotkun

1. Ákvæði reglugerðar ráðsins nr. 1 <sup>(30)</sup> gilda um Vinnumálastofnunina.
2. Þýðingamiðstöðin skal annast nauðsynlega þýðingahjónustu vegna starfsemi Vinnumálastofnunarinnar.

36. gr.

#### Gegnsæi, vernd persónuupplýsinga og samskipti

1. Reglugerð (EB) nr. 1049/2001 gildir um skjöl í vörslu stofnunarinnar. Stjórnin skal, innan sex mánaða frá dagsetningu fyrsta fundar síns, samþykkja ítarlegar reglur varðandi beitingu reglugerðar (EB) nr. 1049/2001.
2. Stjórnin skal gera ráðstafanir til að fara að þeim skuldbindingum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2018/1725, einkum þeim sem varða tilnefningu gagnaverndarfulltrúa Vinnumálastofnunarinnar og þeim sem varða lögmæti vinnslu upplýsinganna, öryggi vinnslustarfseminnar, miðlun upplýsinganna og réttindi skráðra aðila.

<sup>(30)</sup> Reglugerð nr. 1 frá 15. apríl 1958 þar sem ákveðið er hvaða tungumál skulu notuð í Efnahagsbandalagi Evrópu (Stjtið. EB 17, 6.10.1958, bls. 385).

3. Vinnumálastofnunin hefur heimild til að sinna upplýsingastarfsemi að eigin frumkvæði á sínu valdsviði. Ráðstöfun á fjármagni stofnunarinnar til upplýsingastarfsemi skal ekki hafa skaðleg áhrif á skilvirkni við framkvæmd verkefnanna sem um getur í 4. gr. Upplýsingastarfsemin skal fara fram í samræmi við viðeigandi samskipta- og miðlunaráætlanir stjórnarinnar.

37. gr.

#### Barátta gegn svikum

1. Til að auðvelda baráttuna gegn svikum, spillingu og annarri ólöglegri starfsemi, í samræmi við reglugerð (ESB, KBE) nr. 883/2013, skal Vinnumálastofnunin, innan sex mánaða frá því að hún tekur til starfa, gerast aðili að samstarfssamningnum milli stofnana frá 25. maí 1999 milli Evrópuþingsins, ráðs Evrópusambandsins og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna um innri rannsóknir Evrópskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum (OLAF) og samþykkja viðeigandi ákvæði sem gilda um alla starfsmenn hennar, og nota til þess sniðmátið sem sett er fram í viðaukanum við þann samning.

2. Endurskoðunarrétturinn skal hafa heimild til að hefja endurskoðun, á grundvelli skjala og vettvangsskoðana, hjá öllum styrkþegum, verktökum og undirverktökum sem hafa fengið fjármagn Sambandsins frá Vinnumálastofnuninni.

3. Evrópskrifstofunni um aðgerðir gegn svikum er heimilt að hefja rannsóknir, þ.m.t. vettvangseftirlit og -athuganir, með það í huga að staðfesta hvort um svik, spillingu og annað ólöglegt athæfi hafi verið að ræða sem hefur áhrif á fjárhagslega hagsmuni Sambandsins í tengslum við styrk eða samning sem er Vinnumálastofnunin fjármagnar, í samræmi við ákvæði og málsmeðferðarreglur sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB, KBE) nr. 883/2013 og reglugerð ráðsins (KBE, EB) nr. 2185/96<sup>(31)</sup>.

4. Með fyrirvara um 1., 2. og 3. mgr. skulu samstarfssamningar við þriðju lönd og alþjóðastofnanir, samningar, styrk-samningar og styrkákvarðanir Vinnumálastofnunarinnar innihalda ákvæði sem veita Endurskoðunarréttinum og Evrópskrifstofunni um aðgerðir gegn svikum heimild til að hefja slíkar endurskoðanir og rannsóknir í samræmi við valdheimildir hvers þeirra um sig.

38. gr.

#### Öryggisreglur um vernd trúnaðarflokkaðra upplýsinga og viðkvæmra upplýsinga sem ekki eru trúnaðarflokkaðar

Vinnumálastofnunin skal samþykkja eigin öryggisreglur sem jafnast á við öryggisreglur framkvæmdastjórnarinnar til verndar trúnaðarflokkuðum upplýsingum Evrópusambandsins (EUCI) og viðkvæmum upplýsingum sem eru ekki bundnar trúnaði, sem settar er fram í ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar (ESB, KBE) 2015/443<sup>(32)</sup> og (ESB, KBE) 2015/444<sup>(33)</sup>. Öryggisreglur Vinnumálastofnunarinnar skulu m.a. taka til ákvæða um skipti, vinnslu og geymslu slíkra upplýsinga.

39. gr.

#### Bótaábyrgð

1. Skaðabótaábyrgð Vinnumálastofnunarinnar innan samninga skal falla undir þau lög sem gilda um viðkomandi samning.

2. Dómstóllinn skal hafa vald til að kveða upp dóma á grundvelli gerðardómsákvæða í samningi sem Vinnumálastofnunin hefur gert.

3. Þegar um er að ræða skaðabótaábyrgð utan samninga ber Vinnumálastofnuninni, samkvæmt almennum meginreglum í lögum aðildarríkjanna, að bæta allt tjón sem deildir eða starfsfólk hennar kunna eða kann að valda við skyldustörf sín.

4. Dómstóllinn fer með dómsvald í deilumálum um bætur vegna tjóns sem um getur í 3. mgr.

<sup>(31)</sup> Reglugerð ráðsins (KBE, EB) nr. 2185/96 frá 11. nóvember 1996 um vettvangseftirlit og athuganir sem framkvæmdastjórnin framkvæmir til þess að vernda fjárhagslega hagsmuni Evrópubandalaganna gegn svikum og öðrum brotum (Stjtið. EB L 292, 15.11.1996, bls. 2).

<sup>(32)</sup> Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB, KBE) 2015/443 frá 13. mars 2015 um öryggismál í framkvæmdastjórninni (Stjtið. ESB L 72, 17.3.2015, bls. 41).

<sup>(33)</sup> Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB, KBE) 2015/444 frá 13. mars 2015 um öryggisreglur til verndar trúnaðarflokkuðum upplýsingum ESB (Stjtið. ESB L 72, 17.3.2015, bls. 53).

5. Persónuleg bótaábyrgð starfsfólks gagnvart Vinnumálastofnuninni lýtur þeim ákvæðum sem mælt er fyrir um í starfsmannareglunum og ráðningarskilmálunum sem gilda um það.

40. gr.

#### Mat og endurskoðun

1. Eigi síðar en 1. ágúst 2024, og síðan á fimm ára fresti, skal framkvæmdastjórnin meta frammistöðu Vinnumálastofnunarinnar í tengslum við markmið hennar, umboð og verkefni. Í matinu skal einkum fjalla um reynsluna af sáttameðferðinni skv. 13. gr. Þar skal einnig fjalla um hvort þörf sé á að breyta umboði Vinnumálastofnunarinnar og umfangi starfsemi hennar, þ.m.t. að rýmka gildissviðið svo það nái til geirabundinna þarfa og fjárhagslegra áhrifa slíkra breytinga, einnig að teknu tilliti til starfsemi sem stofnanir Sambandsins sinna á þeim sviðum. Í matinu skal einnig kanna frekari samlegðaráhrif og betri samhæfingu við stofnanir á sviði atvinnu- og félagsmálastefna. Á grundvelli matsins getur framkvæmdastjórnin, eftir því sem við á, lagt fram tillögur að endurskoðun á gildissviði þessarar reglugerðar.

2. Ef framkvæmdastjórnin lítur svo á að ekki sé lengur hægt að réttlæta rekstur Vinnumálastofnunarinnar með tilliti til þeirra markmiða sem hún á að uppfylla, umboðs hennar og verkefna getur hún lagt til að þessari reglugerð verði breytt eða hún felld úr gildi til samræmis við það.

3. Framkvæmdastjórnin skal gefa Evrópuþinginu, ráðinu og stjórninni skýrslu um niðurstöður matsins. Birta skal niðurstöður matsins opinberlega.

41. gr.

#### Stjórnsýsluathuganir

Aðgerðir Vinnumálastofnunarinnar skulu sæta athugunum umboðsmanns Evrópusambandsins í samræmi við 228. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

42. gr.

#### Samstarf við þriðju lönd og alþjóðastofnanir

1. Vinnumálastofnuninni er heimilt að eiga samstarf við lögbær yfirvöld þriðju landa og alþjóðastofnanir að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er til að ná þeim markmiðum sem sett eru fram í þessari reglugerð og með fyrirvara um valdsvið aðildarríkjanna og stofnana Sambandsins.

Í því skyni er Vinnumálastofnuninni heimilt, með fyrirvara um leyfi stjórnar og að fengnu samþykki framkvæmdastjórnarinnar, að koma á samkomulagi um vinnutilhögun við lögbær yfirvöld þriðju landa og alþjóðastofnanir. Þetta samkomulag skal ekki stofna til lagaskyldna sem hvíla á Sambandinu eða aðildarríkjum þess.

2. Þriðju löndum er frjálst að taka þátt í starfsemi Vinnumálastofnunarinnar ef þau hafa gert samninga þar að lútandi við Sambandið.

Samkvæmt viðeigandi ákvæðum samninganna sem um getur í fyrstu undirgrein skal ákveða nánara fyrirkomulag, þar sem sérstaklega er tilgreint hvernig, í hve miklum mæli og með hvaða hætti hlutadeigandi þriðju lönd skuli taka þátt í starfi Vinnumálastofnunarinnar, þ.m.t. ákvæði sem varða þátttöku í frumkvæðisverkefnum sem stofnunin framkvæmir, fjárframlög og starfsfólk. Þetta fyrirkomulag skal í öllum tilvikum vera í samræmi við starfsmannareglurnar og ráðningarskilmálana að því er varðar starfsmannamál.

3. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að Vinnumálastofnunin starfi í samræmi við umboð sitt og innan þess stofnanaramma sem er til staðar með því að gera viðeigandi samstarfssamning við framkvæmdastjóra stofnunarinnar.

## 43. gr.

**Samningur um höfuðstöðvar og rekstrarskilyrði**

1. Í samningi um höfuðstöðvar á milli stofnunarinnar og aðildarríkisins, þar sem stofnunin hefur aðsetur, skal, að fengnu samþykki stjórnarinnar og eigi síðar en 1. ágúst 2021, mælt fyrir um nauðsynlegt fyrirkomulag varðandi húsnæði, sem stofnunin fær í gístiaðildarríkinu, og auk þess sértækar reglur sem skulu gilda í viðkomandi gístiaðildarríki fyrir framkvæmdastjórnann, stjórnarmenn, starfsmenn stofnunarinnar og fjölskyldur þeirra.
2. Gístiaðildarríki Vinnumálastofnunarinnar skal sjá stofnuninni fyrir bestu hugsanlegum aðstæðum til að tryggja snurðulausa og skilvirka starfsemi hennar, þ.m.t. menntun á evrópskan mælikvarða sem fram fer á mörgum tungumálum og viðeigandi samgöngutengingar.

## 44. gr.

**Upphaf starfsemi Vinnumálastofnunarinnar**

1. Vinnumálastofnunin skal vera starfhæf og hafa getu til að annast framkvæmd eigin fjárhagsáætlunar eigi síðar en 1. ágúst 2021.
2. Framkvæmdastjórnin skal bera ábyrgð á stofnun Vinnumálastofnunarinnar og upphaflegum rekstri hennar þar til hún hefur rekstrarlegt hæfi. Í því skyni:
  - a) er framkvæmdastjórninni heimilt að tilnefna embættismann framkvæmdastjórnarinnar til að sinna störfum framkvæmdastjórnans til bráðabirgða og annast þær skyldur sem framkvæmdastjórnunum hefur verið falið, þar til framkvæmdastjórnin hefur störf að lokinni tilnefningu stjórnarinnar, í samræmi við 31. gr.,
  - b) skal bráðabirgðaframkvæmdastjórnin beita heimildum tilnefningaryfirvalds, með fyrirvara um k-lið 1. mgr. 18. gr. og þar til ákvörðunin, sem um getur í 2. mgr. 18. gr., hefur verið tekin,
  - c) er framkvæmdastjórninni heimilt að bjóða Vinnumálastofnuninni aðstoð, einkum með því að færa embættismenn framkvæmdastjórnarinnar til hennar til að sinna starfsemi stofnunarinnar á ábyrgð bráðabirgðaframkvæmdastjórnans eða framkvæmdastjórnans,
  - d) getur bráðabirgðaframkvæmdastjórnin heimilað allar greiðslur sem falla undir fjárveitingar sem færðar eru undir fjárhagsáætlun Vinnumálastofnunarinnar, að fengnu samþykki stjórnarinnar, og gert samninga, þ.m.t. starfsmanna-samninga, þegar stofnunin hefur samþykkt yfirlitið um stöðugildi.

## 45. gr.

**Breytingar á reglugerð (EB) nr. 883/2004**

Reglugerð (EB) nr. 883/2004 er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi liður bætist við í 1. gr.:

„(na) „Evrópska vinnumálastofnunin“: stofnun sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1149 (\*) og sem um getur í 74. gr. a,

---

(\*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1149 frá 20. júní 2019 um að koma á fót evrópskri vinnumálastofnun, um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 883/2004, (ESB) nr. 492/2011 og (ESB) 2016/589 og um niðurfellingu ákvörðunar (ESB) 2016/344 (Stjtið ESB L 186, 11.7.2019, bls. 21).“

- 2) Eftirfarandi grein bætist við:

„74. gr. a

#### **Evrópska vinnuálastofnunin**

1. Með fyrirvara um verkefni og starfsemi framkvæmdaráðsins skal Evrópska vinnuálastofnunin styðja við beitingu þessarar reglugerðar í samræmi við verkefni sín eins og sett er fram í reglugerð (ESB) 2019/1149. Framkvæmdaráðið skal vinna í samstarfi við Evrópsku vinnuálastofnunina til að samræma starfsemina í gagnkvæmu samkomulagi og koma í veg fyrir tvíverknað. Það skal gera samstarfssamning við Evrópsku vinnuálastofnunina í þessu skyni.

2. Framkvæmdaráðið getur farið þess á leit við Evrópsku vinnuálastofnunina að hún skjóti máli, sem varðar félagslegt öryggi og er í sáttameðferð, til framkvæmdaráðsins, í samræmi við þriðju undirgrein 11. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1149.“

46. gr.

#### **Breytingar á reglugerð (ESB) nr. 492/2011**

Reglugerð (ESB) nr. 492/2011 er breytt sem hér segir:

- 1) Í 26. gr. bætist við eftirfarandi málsgrein:

„Evrópska vinnuálastofnunin, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1149 (\*), skal taka þátt í fundum ráðgjafarnefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og láta í té tæknilegt framlag og sérfræðipækkingu, eftir því sem við á.

---

(\*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1149 frá 20. júní 2019 um að koma á fót evrópskri vinnuálastofnun, um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 883/2004, (ESB) nr. 492/2011 og (ESB) 2016/589 og um niðurfellingu ákvörðunar (ESB) 2016/344 (Stjtið ESB L 186, 11.7.2019, bls. 21).“

- 2) Ákvæði 29.–34. gr. eru felld brott frá og með þeim degi er Vinnuálastofnunin tekur til starfa í samræmi við 1. mgr. 44. gr. þessarar reglugerðar.

- 3) Í stað 35. gr. kemur eftirfarandi:

„35. gr.

Málsmeðferðarreglur ráðgjafarnefndarinnar sem voru í gildi 8. nóvember 1968 eiga áfram við.“

- 4) Í stað 39. gr. kemur eftirfarandi:

„39. gr.

Stjórnunarkostnaður ráðgjafarnefndarinnar skal talinn með í þeim hluta fjárlaga Evrópusambandsins sem varðar framkvæmdastjórnina.“

47. gr.

**Breytingar á reglugerð (ESB) 2016/589**

Reglugerð (ESB) 2016/589 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 1. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) skipulag EURES-netsins milli framkvæmdastjórnarinnar, Evrópsku vinnumálastofnunarinnar og aðildarríkjanna,“.

b) Í stað b-liðar kemur eftirfarandi:

„b) samvinnu milli framkvæmdastjórnarinnar, Evrópsku vinnumálastofnunarinnar og aðildarríkjanna um að deila viðkomandi tiltækum gögnum um lausar stöður, atvinnuumsóknir og ferilskrár,“.

c) Í stað f-liðar kemur eftirfarandi:

„f) eflingu EURES-netsins á vettvangi Sambandsins með skilvirkum ráðstöfunum fyrir miðlun upplýsinga af hálfu framkvæmdastjórnarinnar, Evrópsku vinnumálastofnunarinnar og aðildarríkjanna.“

2) Eftirfarandi lið er bætt við 3. gr.:

„8) „Evrópska vinnumálastofnunin“: stofnun sem komið var á fót samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1149 (\*)

---

(\*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1149 frá 20. júní 2019 um að koma á fót evrópskri vinnumálastofnun, um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 883/2004, (ESB) nr. 492/2011 og (ESB) 2016/589 og um niðurfellingu ákvörðunar (ESB) 2016/344 (Stjtið ESB L 186, 11.7.2019, bls. 21).“

3) Í stað 2. mgr. 4. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Tryggja skal aðgengi einstaklinga með fötlun að upplýsingunum sem veittar eru á EURES-vefgáttinni og að stuðningsþjónustu sem tiltæk er á landsvísu. Framkvæmdastjórnin, Evrópska samráðsskrifstofan og aðilar að EURES-netinu og samstarfsaðilar þess skulu ákveða með hvaða hætti þetta skuli tryggt, með tilliti til skyldna hvers um sig.“

4) Ákvæðum 1. mgr. 7. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) evrópskri samráðsskrifstofu, sem skal komið á fót innan Evrópsku vinnumálastofnunarinnar og sem skal bera ábyrgð á að styðja við starfsemi EURES-netsins,“.

b) Eftirfarandi liður bætist við:

„e) framkvæmdastjórnin.“

5) Ákvæðum 8. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað inngangsorðanna kemur eftirfarandi:

„Evrópska samráðsskrifstofan skal styðja við starfsemi EURES-netsins, einkum með því að þróa og sinna, í nánú samstarfi við landsbundnu samræmingarskrifstofurnar og framkvæmdastjórnina, eftirfarandi starfsemi.“

ii. Í stað i. liðar í a-lið kemur eftirfarandi:

„i. sem kerfiseigandi EURES-vefgáttarinnar og tengdrar upplýsingatækniþjónustu, skilgreining á þörfum notenda og viðskiptalegum kröfum sem senda skal framkvæmdastjórninni vegna rekstrar og þróunar vefgáttarinnar, þ.m.t. kerfi og málsmeðferð til að skiptast á upplýsingum um lausar stöður, atvinnuumsóknnum, ferilskrám og fylgiskjölum og öðrum upplýsingum, í samstarfi við aðra viðeigandi upplýsinga- og ráðgjafarþjónustu eða -net og framkvæðisverkefni Sambandsins.“

b) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Evrópska samráðsskrifstofan skal vera undir stjórn Evrópsku vinnumálastofnunarinnar. Evrópska samráðsskrifstofan skal koma á reglulegum viðræðum við fulltrúa aðila vinnumarkaðarins á vettvangi Sambandsins.“

c) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Evrópska samráðsskrifstofan skal, að höfðu samráði við samræmingarhópinn sem um getur í 14. gr. og við framkvæmdastjórnina, gera sameiginlegar vinnuáætlanir sínar til margra ára.“

6) Í stað b-liðar 2. mgr. 9. gr. kemur eftirfarandi:

„b) samstarfi við framkvæmdastjórnina, Evrópsku vinnumálastofnunina og aðildarríkin um afgreiðslu innan rammans sem settur er fram í III. kafla.“

7) Í stað 1. mgr. 14. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Samræmingarhópurinn skal samanstanda af fulltrúum á viðeigandi stjórnunarstigi framkvæmdastjórnarinnar, Evrópsku samráðsskrifstofunnar og landsbundnu samræmingarskrifstofanna.“

8) Í stað 6. mgr. 16. gr. kemur eftirfarandi:

„6. Aðildarríkin skulu, ásamt framkvæmdastjórninni og Evrópsku samráðsskrifstofunni, kanna alla möguleika á að veita borgurum Sambandsins forgang þegar ráðið er í lausar stöður til að koma á jafnvægi milli framboðs á og eftirspurnar eftir vinnuafli innan Sambandsins. Aðildarríkin geta samþykkt ráðstafanir sem nauðsynlegar eru í þessu skyni.“

9) Í stað 1. mgr. 19. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu vinna saman, með framkvæmdastjórninni og með Evrópsku samráðsskrifstofunni að samvirkni milli landsbundinna kerfa og evrópska flokkunarkerfisins sem framkvæmdastjórnin hefur þróað. Framkvæmdastjórnin skal upplýsa aðildarríkin reglulega um þróun evrópska flokkunarkerfisins.“

10) Í stað 29. gr. kemur eftirfarandi:

„29. gr.

**Upplýsingaskipti um strauma og mynstur**

Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu fylgjast með og birta upplýsingar um strauma og mynstur með tilliti til hreyfanleika vinnuafis í Sambandinu á grundvelli skýrslna frá Evrópsku vinnuálastofnuninni sem byggðar eru á tölfræðilegum upplýsingum frá Hagstofu Evrópusambandsins og tiltækum landsbundnum gögnum.“

48. gr.

**Niðurfelling**

Ákvörðun (ESB) 2016/344 er felld úr gildi frá og með þeim degi er Vinnuálastofnunin tekur til starfa í samræmi við 1. mgr. 44. gr. þessarar reglugerðar.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu ákvörðunina sem tilvísanir í þessa reglugerð.

49. gr.

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Sjónartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. júní 2019.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

A. TAJANI

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

G. CIAMBA

*forseti.*

## VIÐAUKI

STARFSEMI VETTVANGSINS SEM KOMIÐ ER Á FÓT Í SAMRÆMI VIÐ 2. MGR. 16. GR.

Vettvangurinn skal, í stuðningi sínum við markmið Vinnumálastofnunarinnar um að taka á svartri vinnu, einkum vinna að því að:

- 1) bæta þekkingu á svartri vinnu, m.a. á orsökum, svæðisbundnum mismun og þáttum sem ná yfir landamæri, með sameiginlegum skilgreiningum og hugtökum, gagnreyndum mælitækjum og með því að ýta undir samanburðargreiningu, með þróun gagnkvæms skilnings á mismunandi kerfum og starfsvenjum við að taka á svartri vinnu og greina árangur stefnuúrreða, m.a. með forvarnarráðstöfunum og viðurlögum,
- 2) greiða fyrir og meta mismunandi samstarfsform milli aðildarríkjanna og, ef við á, þriðju landa, s.s. skipti á starfsmönnum, notkun á gagnasöfnum, sameiginlega starfsemi og sameiginlega þjálfun, og koma á fót kerfi um upplýsingaskipti fyrir samvinnu á sviði stjórnsýslu með því að nota sérstaka vinnslueiningu fyrir svarta vinnu í IM-upplýsingakerfinu,
- 3) koma á fót verkfærum til skilvirkra skipta á upplýsingum og reynslu, t.d. þekkingarbanka, og þróa viðmiðunarreglur um framfylgd laga, handbækur um góðar starfsvenjur, sameiginlegar meginreglur um eftirlit til að taka á svartri vinnu með sameiginlegri starfsemi, eins og evrópskum herferðum og meta reynslu af slíkum verkfærum,
- 4) þróa áætlun um jafningjafræðslu til að greina góðar starfsvenjur á öllum viðeigandi sviðum til að takast á við svarta vinnu og skipuleggja jafningjaryrni til að taka á svartri vinnu í aðildarríkjum sem velja að taka þátt í slíkri rýni,
- 5) miðla reynslu landsbundinna yfirvalda af beitingu viðeigandi laga Sambandsins til að taka á svartri vinnu.

---

B-deild – Útgáfudagur: 22. apríl 2026